



Aðkoma umhverfismannfræðinnar að umhverfismálum

Almennt um stöðu umhverfismála í dag

Pétur Smári Tafjord

Lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Aðkoma umhverfismannfræðinnar að umhverfismálum
Almennt um stöðu umhverfismála í dag

Pétur Smári Tafjord

Leiðbeinandi: Gísli Pálsson

Lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði

Leiðbeinandi: Gísli Pálsson

Félags- og mannvísindadeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Pétur Smári Tafjord 2012

Reykjavík, Ísland 2012

Útdráttur

Hér á eftir gefur að líta nokkuð almenna yfirferð um stöðu umhverfismála í dag og aðdraganda þeirrar sjálfheldu er einkennir samspil manna og umhverfis. Verður umhverfismannfræðin í forgrunni og starfsaðferðir og kenningar umhverfismannfræðinga auk þess sem þeim verða gerð skil og hvernig þær samræmast aðferðum annara fræðimanna er koma að þessu sammannlega vandamáli.

Staða umhverfismála víðsvegar um heim er almennt slæm og ríkir nokkur óvissa um framtíð þeirra eða öllu heldur hvernig og hvort okkur sem tegund tekst að fara að vinna með umhverfinu en ekki á móti því. Skoðuð verða réttindi minni samfélaga sem oftast en ekki verða undir í hildarleik stjórnvalda og auðmanna og hvert hlutverk umhverfismannfræðinga er í slíkum málum. Ekki verður eingöngu einblínt á það slæma heldur einnig horft fram á veg og varpað fram hugmyndum sem geta virkjað fólk til að takast á við vandann sjálft.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	6
2	Almennt um stöðu umhverfismála í dag og aðdraganda	9
3	Neyslu- og umhverfishegðun: rætur hennar og orsakir	13
4	Bráðnun jökla og hækkandi yfirborð sjávar – Grænlandsmálið	19
5	Aðkoma mannfræðinnar.....	23
6	Staðan á Íslandi	29
7	Áhrif kjötneyslu á umhverfið og réttindi „hinna“?	33
8	Stjórnvöld, stefnumótendur og umhverfismál!	36
9	Ný sýn: framtíð jarðar...?	39
10	Lokaorð	41
	Heimildir	44

1 Inngangur

„Fjölmargar skýrslur sem byggðar eru á vísindalegum gögnum og settar eru saman af alþjóðlegum teyllum sérfræðinga staðfesta að loftslagsbreytingar séu ekki aðeins staðreynd heldur orsakist að öllum líkindum af mannavöldum“ (Crate & Nuttall, 2009: 10).

Staða umhverfismála í dag er nokkuð ljós eins og kemur fram hér að ofan og er fræðamannasamfélagið almennt sammála um að flest þau vandamál sem tengjast umhverfinu og við stöndum frammi fyrir í dag séu af mannavöldum og þá einkum og sér í lagi þær loftslagsbreytingar sem orðið hafa síðustu áratugi.

Þessar loftslagsbreytingar hafa nú þegar haft víðtæk áhrif og ber þá fyrst að nefna bráðnun jökla sem meðal annars hefur orsakað hækkandi yfirborð sjávar. Þegar hitastig hækkar á svo skömmum tíma hefur það í raun neikvæð áhrif á allt lífríkið og veldur til dæmis fæðuskorti og eyðileggingu búsvæða hjá ýmsum tegundum sem eru háðar ákveðnum umhverfisskilyrðum. Þegar slíkt stórfellt rask verður á einum eða fleiri þáttum lífríkisins hefur það keðjuverkandi áhrif á aðrar tegundir eins og okkur mannfólkið. Nærtækt dæmi er hrun í varpi lundastofnsins hér á landi síðastliðin ár sem rakið er til fæðuskorts því hækkandi hitastig sjávar hefur neikvæð áhrif á þá fæðu sem lundinn sækir þangað (Umhverfisráðuneytið, 2012). Þetta hefur svo auðvitað áhrif á þá sem byggja afkomu sína á lundaveiðum og á það almennt við þegar slíkar raskanir verða, áhrifin eru sjaldan bundin við eina tegund. Það er sorglegt staðreynd að ein tegund hafi getað valdið slíkum skaða á svo stuttum tíma.

Þegar slíkar almennar staðreyndir liggja fyrir er ótrúlegt hversu sofandi bæði stjórnvöld, stofnanir, fyrirtæki og sjálfur almenningur er fyrir þessum miklu neikvæðu breytingum sem nú þegar hafa stefnt öllu okkar umhverfi og þar með lífsviðurværi í hættu. Það er engu líkara en fólk þori annaðhvort ekki eða vilji ekki horfast í augu við þessar staðreyndir, en ástæður þessa verða skoðaðar nánar hér á eftir.

Hvað hefur orsakað þessar neikvæðu loftslagsbreytingar? Moran (2010) rekur þær einkum til ofneyslu og offjölgunar mannkyns. Hömlulaus neysla og meðfylgjandi losun gróðurhúsalofttegunda hefur gert það að verkum að meðalhiti jarðar hækkar nú sem aldrei fyrr sem og sú staðreynd að verulega hefur verið gengið á auðlindir jarðar á mjög skömmum tíma eða síðustu fimm áratugi eða svo. Þar fyrir utan hefur fólksfjöldi jarðar margfaldast á

skömmum tíma sem skapar aukinn þrýsting á umhverfið og auðlindir jarðar þess. Það virðist stundum gleymast í umræðunni um umhverfismál að við mannfólkið sitjum ekki ein að umhverfinu og gæðum þess. Kannski er það sú afstaða alltof margra sem hefur komið okkur í þær ógöngur sem við erum stödd í í dag eða það að telja að mannkynið eitt geti nýtt sér umhverfið að vild án þess að skeyta um langtíma áhrif sem slík hegðun hefur. En eins og við mannfólkið höfum rekið okkur harkalega á síðustu misseri þá er umhverfið ekki okkar að nota og misnota að vild, og ef ekki er sýnd skynsemi þegar kemur að nýtingu þess þá er framtíð alls lífs á jörðu í húfi. Það má svo ekki gleymast að rétt eins og aðrar lífverur jarðar er mannskepnan algerlega háð umhverfinu, en aftur á móti er óhætt að segja að hún sé allra tegunda aðlögunarhæfust og ætti því að geta aðlagað sig að breyttum aðstæðum á skömmum tíma sem myndu fela í sér umbætur bæði varðandi umhverfismál og umhverfishegðun.

Eitt það sorglegasta við stöðu umhverfismála í dag er sú staðreynd að þegar öllu er á botninn hvolft þá snúast umhverfismál og nýting auðlinda um peninga, þá oftast skyndigróða fárra sem gerir það að verkum að meirihluti mannkyns situr eftir með sárt enni á sviðinni jörð þar sem lítið sem ekkert er skilið eftir og fyrirhyggjan er höfð að engu; peningagræðgi og völd mjög lítills hluta mannkyns spila enn alltof stórt hlutverk í tengslum við umhverfismál. Staðan er sú í dag að við mannfólkið verðum einfaldlega að velja hvort við viljum halda uppteknum hætti eða gera miklar breytingar á okkar lífnaðarháttum. Af hverju? Einfaldlega vegna þess að framtíð okkar og lífsviðurværi er í húfi en það ætti hvert mannsbarn að skilja og þar af leiðandi vilja leggja allt í sölurnar til að snúa þróuninni við, allavega að því marki að bjarga því sem bjargað verður...

Í inngangskafli bókarinnar *Environmental Anthropology Today* tala þær Eleanor Shoreman-Ouimet og Helen Kopnia um að ekki aðeins séu hin stóru samfélög sek þegar kemur að slæmri umgengni gagnvart umhverfinu heldur oft á tíðum þau smærri líka. Þær leggja aftur á móti ríka áherslu á að einblína ekki á það neikvæða og það sem miður hefur farið í umhverfismálum heldur sé það ekki síður mikilvægt að skoða einnig hið jákvæða og hvað samfélög hafa gert til að bæta hegðun sína gagnvart umhverfinu. Einnig sé það mikilvægt að skoða þær trúarlegu og siðferðislegu forsendur sem liggja að baki bætttri umhverfishegðun samfélaga (Kopnia & Shoreman-Ouimet, 2011).

Þetta er gríðarlega þýðingamikið, að skoða einnig það sem samfélög hafa gert til að bæta umgengni sína við umhverfið því eintóm bölsýni getur gert það að verkum að viss stöðnum verði í þessum efnunum. Jákvætt viðhorf getur verið samfélögum viss meðbyr og eftl vilja þeirra til að takast markvisst á við vandann en á sama tíma verður fólk að vera meðvitað um þann skaða sem orðinn er og orsakir hans. Allt byggist þetta svo á fræðslu sem er að einhverju leiti á ábyrgð sérfræðinga og fræðimanna eins og umhverfismannfræðinga, að þeir fræði fólk um það sem miður hefur farið og hjálpi því svo að takast á við vandann með sérfræðipækkingu sinni.

Í eftirfarandi yfirferð um umhverfismannfræði og umhverfismál mun ég (eðli málsins samkvæmt) nokkuð leita fanga utan mannfræðinnar til að öðlast sem víðasta sýn yfir það efni sem um er fjallað þó að það sé sjálfgefið að umhverfismannfræðin og hlutverk hennar verði í aðalhlutverki. Stiklað verður á stóru varðandi stöðu umhverfismála samtímans og hvað varð til þess að mannkynið kom sér í þá sjálfheldu sem einkennir samskipti og samspil manna og náttúru nú. Einnig verður neysla og neysluhegðun skoðuð sem er einn stærsti áhrifavaldurinn þegar kemur að ofnotkun og eyðileggingu auðlinda. Í framhaldi af því verður skoðað hvernig hnattræn hlýnun hefur orðið valdur að bráðnun íss og jökla hvarvetna um heiminn og þar af leiðandi orsakað að yfirborð sjávar hefur hækkað. Farið verður yfir hlutverk mannfræðinnar í tengslum við umhverfismál og hvernig mannfræðileg þekking nýtist við úrlausn þeirra og um leið skoðað hvernig hægt væri að nýta þá þekkingu enn betur. Einnig mun ég skoða stöðu umhverfismála á Íslandi og hvernig við Íslendingar hegðum okkur gagnvart nánasta umhverfi okkar, sem að mínu mati hefur vissa sérstöðu á heimsmælikvarða. Í framhaldi af því verða áhrif kjötneyslu mannkyns skoðuð en auk þess dreypir sá kafli örlítið á réttindum dýra. Þar á eftir er aðkoma og stefna stjórnvalda í tengslum við umhverfismál tekin fyrir og kannað hvert hlutverk umhverfismannfræðinga er í stefnumótunarferlinu. Í lokakaflanum „ný sýn“ verður svo farið lauslega yfir þær lausnir sem í boði eru varðandi umhverfismál og hvernig fólk hefur þurft að (og mun koma til með að þurfa) aðlagast breyttum aðstæðum.

2 Almennt um stöðu umhverfismála í dag og aðdraganda

Mannfræðingurinn og umhverfisvísindamaðurinn Emilio F. Moran vísar í skýrslu sem gefin er út árlega um ástand jarðarinnar í bók sinni *People and Nature – An Introduction to Human Ecological Relations*. Skýrsla þessi er gefin út af frjálsum félagasamtökum (NGO's) en í henni er að finna ýmislegt sem hefur miður farið í umhverfismálum ár hvert. Lítið hefur breyst síðastliðin 20 ár nema það að fleiri og fleiri dýrategundir komast á listann yfir dýr í útrýmingarhættu, votlendi hopa og hverfa sem aldrei fyrr og sífellt meiri losun koltvísýrings út í andrúmsloftið ógnar bæði heimskautasvæðum og kóralrifjum sjávar (Moran, 2010: 1).

Upp koma spurningar eins og: hvað fór úrskeiðis? Svarið er margþætt og verður reynt að svara því hér á eftir en helst má benda á tvennt sem hefur orsakað mjög neikvæða þróun í umhverfismálum seinustu áratugi. Moran (2010) bendir á að hinn vestræni heimur sé sekur um ofneysluna en hinn austræni um offjölgun mannkyns (Moran, 2010). Hann talar svo um að lykillinn að bættri framtíð umhverfismála sé sjálfbærni vistkerfa en staðreyndin sé sú að stjórnvöld víðsvegar um heim sýni því alltof lítinn eða engan áhuga, það þurfi hinsvegar að breytast. Eins og hann segir afdráttarlaust:

„Án meðvitaðrar ákvörðunar um að tryggja sjálfbærni vistkerfa heimsins, eru dagar okkar á þessari jörð hugsanlega taldir“ (Moran, 2010: 1).

Hefur mannkynið ekki nýtt sér umhverfi sitt til lífsviðurværis frá upphafi? Því má svara með því að benda á að það nýtti sér það til framdráttar lengst af en ofnýtti það hvorki né eyðilagði eins og það hefur gert nú á örskömmum tíma sem er aðeins örlítið brot af tilvist þess. Richard Wilk vill meina að ekki sé svo mikil hættu á að mannkynið eyði óendurnýjanlegum auðlindum sínum heldur stefni allt í að hinar endurnýjanlegu auðlindir séu í bráðri hættu sökum ofneyslu og ofnotkunar og bendir á auðlindir eins og fiskistofna og skóglendi sem nýtt er til timburframleiðslu (Wilk, 2010: 41). Það er þessi nýting, eða öllu heldur ofnýting auðlinda sem er einn stærsti orsakavaldur umhverfisslysa síðustu ára.

Staðreyndin er sú að maðurinn hefur haft áhrif á umhverfi sitt í að minnsta kosti 10.000 ár en aldrei jafn víðtæk og nú síðustu fimm áratugi eða svo. Þó svo að margt megi rekja til iðnbyltingarinnar fyrir um 300 árum síðan er það ekki fyrr en tiltölulega nýlega sem mannkynið fór að ganga jafn mikið á umhverfið og raun ber vitni og valda á því varanlegum skaða. Með öðrum orðum fórum við frá því að vera nokkuð staðbundin tegund yfir í að verða hnattræn (Moran, 2010: 2). Það þarf ekki að fara nánar í atburði síðustu áratuga þar sem

einkaneysla mannkyns hefur aukist gríðarlega og þá sérstaklega í hinum vestræna heimi, er þá átt við bæði neyslu matar og notkun efnislegra hluta.

Það er þessi aukna neysla síðustu 50 ára sem hefur að miklu leyti skapað þau vandamál sem mannkynið stendur frammi fyrir í dag. Þá er einnig átt við neyslu sem hefur bein skaðleg áhrif í formi efna sem losuð eru út í umhverfið eins og til dæmis koltvísýringslosun sem hefur mjög skaðleg áhrif meðal annars á ósonlagið. Einnig má nefna gríðarlega aukningu á notkun pappírs, regnskógar hopa, vatnsmengun er mikil – bæði mengun í sjó og drykkjarvatni og notkun bensínknúinna farartækja hefur aukist gríðarlega. Það sem svo er einna verst af þessu öllu er sú staðreynd að stríðsátök hafa náð sögulegu hámarki en allt fyrrgreint hefur margfaldast á gríðarlega skömmum tíma (Moran, 2010: 2).

Ritstjórar veftímaritsins *Ecological and Environmental Anthropology* (Patrick Huff ofl., 2012) eru á sama máli og Moran varðandi þessi áhrif mannsins á umhverfið. Þeir tína til þætti eins og minnkandi líffræðilegan fjölbreytileika, ofveiði á vissum dýrategundum og minnkandi búsvæði annarra, hnattræna hlýnun, mengun, fátækt og neikvæða hnattræna þróun umhverfismála almennt. Þau benda svo á að ástandið í dag sé umlukið vissri óvissu varðandi heildaráhrifin sem þessi neikvæða þróun umhverfismála muni hafa á mannkynið jafnt sem umhverfið. Hjá þeim má þó greina nokkra bjartsýni þar sem þau benda á að félagsvísindamenn og aðrir séu loks að rísa úr áratugalöngum dvala og farið sé að leggja áherslu á að skoða og rannsaka helstu áhrifaþætti í þessum málum, sérstaklega þá sem snúa að breyttu umhverfi okkar manna. Út frá þessum breyttu áherslum hafa þróast nýjar aðferðir sem leytast við að svara spurningum sem varða ástæður breytinga á umhverfinu (Huff ofl., 2007).

Ritstjórar bókarinnar *Anthropology and Climate Change: From Encounters to Actions*, þau Susan A. Crate og Mark Nuttall, fara heldur ekki fögrum orðum um ástand umhverfismála í dag í inngangskafli hennar. Staðan sé sú að flestir frumbyggjar og innfæddir hafi sömu hamfarasöguna að segja hvort sem um ræðir fólk sem búsett er í fjalllendi, regnskógum eða það sem býr við strendur heimsins. Neikvæðra umhverfisáhrifa gætir nú þegar og hafa þessi samfélög fólks (sem oftast en ekki eru frekar fámenn, sérstaklega í samanburði við vestræn) oft takmarkaða burði til að takast á við þann vanda sem herjað hefur á þau (Crate & Nuttall, 2009: 9). Það eru þessi minni samfélög sem umhverfismannfræðingar þurfa að setja í forgang og einbeita sér að þar sem þeim býðst oft lítil utanaðkomandi hjálp. Það sem verra

er, er það að oft bera þau litla sem enga ábyrgð á þeim vanda sem þau standa frammi fyrir og stofnar tilvist þeirra í hættu. Má segja sem svo að ábyrgðin liggi að einhverju leiti hjá mannfræðingum sem verða að bregða sér í það hlutverk að gera þau og vanda þeirra sýnilegan; en nánar um það hér á eftir. Eins og áður kom fram benda þær Eleanor Shoreman-Ouimet og Helen Kopnia (2011) hins vegar á að ekki sé það alltaf raunin að þessi smáu samfélög séu algjörlega „saklaus“ og að í einhverjum tilfellum eigi þau hlut að máli þó svo það liggi í hlutarins eðli að hin stærri samfélög heimsins séu að mestu völd að þeim mikla skaða sem orðið hefur.

Við svipaðan tón kveður hjá John H. Bodley og hjá Crate & Nuttall (2009) í bók hans *Anthropology and Contemporary Human Problems*. Í inngangskafli hennar fer hann lauslega yfir helstu vandamál nútímans og þá einkum þau er tengjast umhverfinu. Hann tengir hið félagslega við umhverfisvandamál og skoðar hvort tveggja út frá sjónarmiði mannfræðinnar en fyrst og fremst setur hann umhverfisvandann í samhengi við hinn ósjálfbæra vöxt sem orðið hefur á framleiðslu með tilheyrandi neyslu sem orsakað hefur gjörnýtingu og eyðileggingu auðlinda, röskun vistkerfa, hnatthlýnun, stigvaxandi verðhækkningar á orku, fátækt og vopnuð átök (Bodley, 2008).

Ekki má aðeins líta á það neikvæða þó svo að nauðsyn krefji og má í því samhengi benda á að gríðarleg vakning hefur líka orðið hjá hinum almenna borgara varðandi umhverfismál. Hafa umhverfis tengdar umræður í fjölmiðlum síðustu misseri haft gríðarleg áhrif auk þess að sífellt fleiri reyna að lifa hinum „græna lífstíl“. Það hefur sem sagt orðið gríðarleg vitundarvakning og hefur fólk (en því miður alltof fáir) áttað sig á því að staðan er sú að þeir sem neytendur þurfi að breyta um lífstíl (Crate & Nuttall, 2009: 11). Það er einmitt þetta sem er svo mikilvægt, að fólk taki sjálft á vandanum en bíði ekki eftir að lausnin falli af himnum ofan.

Samantekt á efni kaflans er á þá leið að flestir fræðingar sem hafa með umhverfismál að gera eru á því að staða umhverfismála í dag sé almennt mjög slæm. Hægt er að benda á hinar ýmsu skýringar en staðreyndin er sú að almennt vilja- og skeytingarleysi fólks er hin augljósa ástæða, ef ástæðu skyldi kalla, breytir þá engu hvort um er að ræða einstaklinga, stjórnámálamenn eða aðra sem taka lykilákvörðanir er snúa að umhverfismálum. Auk þess er augljóst að einkaneysla fólks hefur aukist gríðarlega og þá einkum vesturlandabúa, sem gerir það að verkum að gengið er á auðlindir jarðar sem aldrei fyrr. Í næsta kafla verður þessi

neysluaukning skoðuð auk þess sem reynt verður að setja hana í samhengi við umhverfishegðun fólks og orsakir hennar.

3 Neyslu- og umhverfishegðun: rætur hennar og orsakir

Iðnvædd samfélög nútímans eru að mestu leyti farin að snúast um neyslu í einni eða annari mynd og hafa reyndar gert það um nokkurt skeið. Farið er að tala um „neysluhegðun“ og „neyslumynstur“ einstaklinga og ríkja og hafa félagsvísindamenn sýnt þessu fyrirbæri aukin áhuga.

Þau Sara R. Curran og Alex De Sherbinin benda á að mannfræðingar og aðrir félagsvísindamenn hafi í auknu mæli fylgst með og rannsakað einkaneyslu og tilheyrandi neyslu heimilanna með tilliti til umhverfisáhrifa (Curran & Sherbinin, 2004: 110). Þau tala um hvernig neyslumynstur hafi breyst á nokkuð stuttum tíma og vísa í rannsóknir sagnfræðinga og hvernig þeir hafa fyrst og fremst rakið uppruna neyslumenningar til þess tímabils á vesturlöndum þegar bilið milli stétta minnkaði, millistéttinni óx ásmegin og í kjölfarið hafi almenn neysla aukist. Auk þess telja sagnfræðingar að almennt trúarlegt siðferði hafi tekið að láta undan á þessum tíma sem hafi einnig haft nokkur áhrif (Curran & Sherbinin, 2004: 117). Samkvæmt þessu má segja að einkaneysla fólks hafi tekið á sig nýja mynd og fólk fór að neyta meira en það þurfti. En þó svo að þarna sé hægt að benda á upphaf breyttrar neysluhegðunar fólks á vesturlöndum og almenn neysla hafi færst í aukana, er það engan veginn í samræmi við þá sprengingu sem síðar varð á neysluháttum fólks eða árin eftir síðari heimsstyrjöldina fram til dagsins í dag. Að einhverju leiti er orsökina að finna í breyttum samfélagsgerðum og þeim stakkaskiptum sem vestræn samfélög tóku á þessum tíma og má rekja til endurskilgreiningar „lífsgæða hugtaksins“.

Þau Curran og Sherbinin tala um að mannfræðingar og aðrir félagsvísindamenn hafi nokkuð einblínt á heimili fólks og tilheyrandi heimilishald sem útgangspunkt rannsókna varðandi umhverfisáhrif. Það sem tengist heimilishaldi og hefur hvað mest umhverfisáhrif samkvæmt þeim er þríþætt: í fyrsta lagi er það húsnæði, öðru lagi matur og matarvenjur og í þriðja lagi farkostur fólks (Curran & Sherbinin, 2004: 122).

En hvað gerði það að verkum að einkaneysla jókst svo gríðarlega? Richard Wilk talar um að neysla sé hluti af frelsi einstaklingsins eða öllu heldur að honum sé talin trú um að með aukinni neyslu öðlist hann frelsi. Einnig bendir hann á að neysla geti verið barátta um auðlindir, að hver og einn reyni að fá sem stærsta sneið af kökunni (Wilk, 2010: 42-43). Þetta er athyglisvert en hljómar nokkuð mótsagnakennt í fyrstu en eins og Wilk bendir á er fólki

fyrst og fremst talin trú um að það þurfi á öllum þessum hlutum að halda til að öðlast betra líf.

Neysluhegðun samanstendur af mörgum þáttum eins og menntunarstigi, sálrænum þáttum, gildum og viðhorfum fólks. Þar að auki hafa ytri þættir mikil áhrif eins og tekjur fólks eftir skatta, tími (hvernig fólk ráðstafar tíma sínum) og félagsleg tengsl (Curran & Sherbinin, 2004: 117). Þau benda svo á að ýmislegt megi gera til þess að efla vitund hins almenna neytenda gagnvart slíkri „skaðlegri hegðun“ eins og gert hefur verið víða um heim þegar barist hefur verið gegn notkun tóbaks og ölvunaraskstri (Curran & Sherbinin, 2004: 117). Við þetta má bæta að það er nokkuð augljóst að samfélagsgerð hefur þó nokkur áhrif á neysluhegðun fólks, hvort sem það er til hins betra eða verra.

Það er í mörg horn að líta þegar farið er að skoða umhverfis- og neysluhegðun einstaklinga og hópa og hvers vegna þeir taka lítið sem ekkert tillit til umhverfisins. Í athyglisverðri rannsókn sem framkvæmd var af sálfræðingum og hafði það að markmiði að rannsaka hvort samband væri milli andfélagslegrar hegðunar og „andumhverfis hegðunar“ kemur margt fram sem varpað getur ljósi á ýmsar athuganir umhverfismannfræðinga. Niðurstöður rannsóknarinnar eru á þá leið að samband sé milli tilhneigingar til andfélagslegrar hegðunar og „andumhverfis hegðunar“ eða öllu heldur að fyrri hegðunarmynstur geti leitt til hins síðara. Þetta er stutt með þeim rökum að andfélagsleg hegðun feli í sér vanvirðingu bæði gagnvart umhverfi og öðru fólki (Amenta, Lomeli & Verdugo, 2003: 274). Þó svo að ætla mætti að þetta sé nokkuð sjálfgefið þá er engu að síður erfitt að fullyrða að þetta sé alltaf raunin því margir aðrir þættir spila inn í. Er þá einkum og sér í lagi átt við þætti eins og samfélagsgerð (eins og áður kom fram) sem hefur gríðarlega mótandi áhrif á þessa svokölluðu umhverfis hegðun fólks, ef tekið er mið af kenningum félagsvísindamanna. Aftur á móti bendir Richard Wilk á aðra hlið á málinu sem einnig er runnin undan rifjum sálfræðinnar og er á þá leið að þegar að fólk hafi valið hinn „græna lífstíl“ sé það líklegra til þess að sýna af sér eigingjarna hegðun og svindla. Þetta kallast „Moral Balancing“ eða siðferðilegt jafnvægi innan sálfræðinnar (Wilk, 2010: 45). Þetta ætti þó að taka með fyrirvara þar sem að ekki er hægt að fullyrða neitt um að ef fólk er meðvitað um umhverfismál þá megi gera ráð fyrir að það taki upp á því að svindla og sýna eigingirni á öðrum sviðum. Wilk virðist ekki taka undir þetta heilshugar og bendir frekar á að fólk leiti

jafnvægis í þessum efnum eftir mismunandi leiðum og fari slíkt eftir mismunandi tímabilum hjá hverjum og einum (Wilk, 2010: 45).

Þarna eru hugmyndir sem geta að einhverju leyti varpað ljósi á umhverfishegðun fólks en tel ég rannsókn Amenta, Lomelí & Verdugo, (2003) falla mun betur að rannsóknum umhverfismannfræðinga. Án þess að kafa dýpra í þessa sálma þá er þetta mikilvægt innlegg í umræðuna þar sem vert er að skoða athuganir annara en fræðimanna þegar orsakir slíkrar hegðunar eru rannsakaðar. Þetta sem mannfræðingar hafa farið fram á, að tekið sé mark á þeim, á líka við um þá og fræðin í heild sinni: að taka einnig mið af rannsóknum og sjónarmiðum annarra fræðimanna.

Moran fer þá leið að skoða umhverfishegðun út frá samfélögum og spyr spurninga eins og: „undir hvaða kringumstæðum virðumst við vilja breyta umhverfinu samkvæmt okkar fyrirætlunum án tillits til þess hvað það mun kosta okkur og hverjar afleiðingarnar muni verða?“ (Moran, 2010: 93). Þetta er ein þeirra meginspurninga sem umhverfismannfræðingar leitast við að svara. Kafa verður djúpt í iðrar mannkynssögunnar til að finna vísbendingar. Mannkynið hefur löngum aðskilið sig frá öðrum tegundum jarðar að því leytinu til að það hefur getuna til að skipuleggja fram í tímann án þess að reiða sig á eðlislæga þætti auk hinnar gríðarlegu aðlögunnarhæfni sem tegundin býr yfir og er einn helsti áhrifaþátturinn varðandi þróun hennar. Þar af leiðandi hefur mannkynið getað „skipulagt“ umhverfi sitt að vild og þá sérstaklega eftir að siðmenningin kom til sögunnar sem gerði því kleift að rísa enn hærra yfir aðrar tegundir. Hugsanlega gerði þetta það að verkum að tegundin fór að fjarlægjast umhverfið jafn markvist og raun ber vitni, jafnvel að því marki að hún hætti að skeita nokkru um það nema eingöngu það sem var henni lífsnauðsynlegt, án tillits til framtíðaráhrifa. Nokkuð augljóst er að mannkynssagan er lituð af stigvaxandi þróun mannlegra samfélaga og samfélagsgerðar og hafa þessar mismunandi samfélagsgerðir vitaskuld nýtt sér umhverfið á ólíkan hátt. Ef við höldum okkur við nútímann og skoðum skaðlega umhverfishegðun út frá samfélagsgerð eru umhverfismannfræðingar eins og Moran á því að félagslegur strúktúr skipti höfuð máli varðandi það hvernig samfélög hegða sér gagnvart umhverfinu og nota auðlindir þess (Moran, 2010: 93-94).

Rappaport (í Moran, 2010) ræðir hvernig ritúöl geta mótað sambandið milli samfélaga og auðlinda þeirra á Nýju Gíneu. Trúarleg ritúöl geti þannig styrkt gildismat samfélaga og fela það í sér að meðlimir þeirra hugsji ekki aðeins um eigin hagsmuni heldur fyrst og fremst um

hagsmuni hópsins (Moran, 2010: 93-94). Í framhaldi af því talar hann um að því flóknara sem kerfið (samfélagsgerðin) sé, því meiri hætta sé á umhverfisvandamálum: eða eins og Moran bendir á, að „kerfi“ okkar séu alltaf að verða hnattrænni og séu þar af leiðandi orðin viðkvæm fyrir tíðum villum eða röngum skilaboðum vegna raskana því boðleiðirnar séu orðnar of langar (Moran, 2010: 96). Trú er einnig eitthvað sem getur stuðlað að samfélagsvitund einstaklinga eins og hann kemur inn á. Hún getur eflt samstöðu hópa og hvetur þar af leiðandi oft til þess að fólk endurskoði sjálfmiðaðan lífstíl og eflir þar með náungakærleika. Hún boðar því einskonar „lífræna heild“ og það að vera meðlimur í samfélagi sé annað og meira en samningur milli sjálfmiðaðra einstaklinga (Moran, 2010: 96).

Aftur á móti bendir Sponsel á (í Kopnia og Shoreman-Ouimet, 2011) þá hugmynd að kristintrú, sem boðar yfirburði mannskepnunnar gagnvart öðrum lífverum, hafi á margan hátt mótað viðhorf fólks gagnvart umhverfinu til hins verra. Vísar hann þá einkum í skoðanir og hugmyndir þeirra sem aðhyllast „vistguðfræði“ eða „*Ecotheology*“ sem rekja rætur umhverfisvandans til biblíunnar og hugmyndafræðinnar sem hún boðar (Kopnia og Shoreman-Ouimet, 2011: 38). Þetta er hugsanlega ein skýringin á slæmri umhverfishegðun hins vestræna heims en þó tel ég hana frekar valta. Það væri mikið og vandasamt verkefni að fara út í þá sálma að tengja hin ýmsu trúarbrögð heimsins við umhverfishegðun og verður það ekki gert hér. Hins vegar má til sanns vegar færa að flest vestræn samfélög eru kristin og er þessum hluta heimsins að mestu leyti kennt um ofneyslu þá sem hefur orsakað stóran hluta þess umhverfisvanda sem við glímum við í dag en þau eru líka byggð á grunni kapitalisma sem er aðal drifkraftur þeirra og hjá einhverjum trú.

Samkvæmt þessu má álykta sem svo að ritúöl hjá minni samfélögum og trú hjá þeim stærri virki hvort um sig sem einhverskonar „samfélagslím“ að því leytinu til að hvort tveggja eflir hópvitund einstaklinga. Í dag er engu líkara en trú sé á miklu undanhaldi meðal vestrænna samfélaga sem ef til vill er ein skýringin á því hversu grandalausir einstaklingar eru gagnvart umhverfismálum, ef gengið er út frá því að trúin virki sem samfélagslím. Erfitt er að skera úr um hvort hún hafi neikvæð eða jákvæð áhrif á umhverfishegðun en aftur á móti er það alveg ljóst að einstaklingsfrelsi og meðfylgjandi einstaklingshyggja er sett ofar öðru í flestum ef ekki öllum iðnvæddum nútíma samfélögum og hefur virðingin gagnvart umhverfinu og öðrum lífverum verið á miklu undanhaldi. Slík einstaklingshyggja gerir það að verkum að fólk sér litla sem enga hagsmuni (peninga) í því að fórnir eigin gæðum fyrir hópinn, eins sorglegt

og það kann að hljóma. En hvert sem samfélagslímið kann að vera, megi það vera í formi trúar eða ritúala, þá er það nauðsynlegt fyrir bættu umhverfishegðun hópa því einstaklingshyggjan verður að víkja fyrir hópvitundinni svo árangur náist sem fyrst í umhverfismálum. Ég tel nauðsynlegt að skoða slíkar „óhefðbundnar“ orsakir neyslu og umhverfishegðunar því þær eru oft lykillinn að rót vandans.

Richard Wilk fjallar um neyslu og neysluhegðun nútímans og þá einkum og sér í lagi í Bandaríkjunum í grein sinni *Consumption Embedded in Culture and Language: Implications for Finding Sustainability* sem vitnað var í hér að ofan. Þar kemur fram að neysla geti annars vegar verið nauðsynleg sem hluti af ferli náttúrunnar og hins vegar haft neikvæð áhrif á umhverfið. Hann setur svo fram nokkuð viðeigandi myndlíkingu varðandi neyslu þar sem hann líkir henni við eld:

„Í efnislegum raunveruleika er mikill munur á eldi sem kviknar af náttúrulegum orsökum og endurnýjar graslendi að vori og eyðileggjandi eldi sem kveiktur er af þeim sem skipuleggja landsvæði og hafa það í hyggju að breyta regnskógi í beitoland fyrir búfenað“ (Wilk, 2010: 40).

Hvort tveggja flokkar hann sem neyslu en aðeins flokkast hið fyrra sem hluti af endurnýjunarferli náttúrunnar (Wilk, 2010: 40).

Það er sorgleg staðreynd að ofneysla tiltölulega lítills hluta mannkyns hafi getað valdið jafn miklum skaða og raunin er. Lengi vel var hinn vestræni heimur nær eingöngu sekur um ofnotkun auðlinda og óhóflega neyslu, eins og haldið hefur verið fram áður, en það er hratt að breytast og er þá sérstaklega átt við þann efnahagslega uppgang sem orðið hefur í Asíu og þá sérstaklega Kína síðastliðin ár og veldur flestum umhverfissinum töluverðum áhyggjum.

En hvaða ástæður liggja að baki því að mannfræðingar og aðrir félagsvísindamenn hafa einblínt svo á neyslu heimilanna? Í stuttu máli má segja að þar sé að finna upphafið og endinn því staðreyndin er sú að sá þáttur er sá lang umfangsmesti þegar kemur að því að skoða orsakir og afleiðingar neyslu: um 70% almennrar neyslu og orkunotkunar mannkyns fellur í þennan flokk sem og 90% af landnotkun (Curran & Sherbinin, 2004: 111). Þetta segir okkur einfaldlega það að við sem einstaklingar og neytendur höfum mun meiri áhrif á hvernig umhverfismálum er háttað. Neysla heimilanna og einstaklinga mætti segja að sé upphafið og endirinn; orsök og afleiðing.

Hvaða beinu áhrif hefur þessi neysluhegðun mannkyns haft síðastliðin ár? Beinu áhrifin eru eins og komið hefur fram áður, stórfelldar loftslagbreytingar og ofnotkun auðlinda sem hafa haft umfangsmikil áhrif á allt lífríki á jörð. Í næsta kafla verður tekinn fyrir einn þáttur þessara neikvæðu áhrifa og bein afleiðing þeirra, en það er ótímabær bráðnun jökla sem því miður er svo alvarlegt mál að minnstu breytingar sem orsakast af þeim stofna fjölda samfélaga, jafnt stórum sem smáum, í bráða hættu.

4 Bráðnun jökla og hækkandi yfirborð sjávar – Grænlandsmálið

„Svo talað sé afdráttarlaust: heimurinn er að hlýna, hvort sem einstaklingar skynja það eða telja mikilvægt“ (Simon Batterbury, 2009: 63).

Loftslag á jörðu fer hlýnandi sökum losunar gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið, um það er engum blöðum að fletta. Þetta hefur haft gríðarleg áhrif nú þegar og eru þeir sem koma að rannsóknum á bráðnun íss og jökla myrkir í máli. Suðurheimskautasvæðið er eitt þeirra svæða sem veldur vísindamönnum og þeim sem láta sig umhverfismál varða, hvað mestum áhyggjum. Ef íshellan sem svæðið þekur myndi að mestu leyti bráðna yrðu afleiðingarnar skelfilegar og myndi það þýða að yfirborð sjávar gæti hækkað um allt að 6 metra! (Bindschadler, 2006: 1583). Þetta þýðir einfaldlega að sum lönd og eyjar myndu hreinlega fara í kaf og því myndi það landsvæði sem byggt er í dag eða talið er byggilegt, minnka gríðarlega að flatarmáli.

Eins og Moran bendir á þá kemur upp alvarleg staða þegar bráðnunin kemst á ákveðið stig og er þá helst horft til þess að vesturhluti suðurheimskautsins og íshellan á Grænlandi gætu að mestu leyti bráðnað. Ef, eða öllu heldur þegar það gerist (eins og staðan er í dag og flest bendir til), er hættu á að golfstraumurinn hreinlega hægi á sér og loks stöðvist sem myndi hafa geigvænleg áhrif á til dæmis allan landbúnað víðsvegar um heim. Þarna vísar Moran í skýrslu sem unnin var af teymi vísindamanna, fræðimanna, frjálsum félagasamtökum og fulltrúum stjórnvalda. Hún var gefin út með yfirskriftinni „Meeting the Climate Challenge“ og var kynnt í janúarmánuði árið 2005 og var henni ætlað að spá fyrir um áhrif loftslagsbreytinganna. Skýrslan gefur það til kynna að það sem nefnt er hér að ofan geti átt sér stað á aðeins 10 ára tímabili (Moran, 2010: 156-57).

Augljóslega munu þessar loftslagsbreytingar hafa keðjuverkandi áhrif eins og komið hefur fram áður og er í raun erfitt að spá nákvæmlega fyrir um þann mikla skaða sem þær munu koma til með að valda, en vissulega er augljóst hvaða skaðlegu áhrif þær hafa haft á allt lífríki hér á jörð nú þegar.

Grannt hefur verið fylgst með Suðurheimskautasvæðinu af vísindamönnum síðan um og upp úr 1980 en einnig hefur verið stuðst við gögn á borð við gervitunglamyndir sem eru eldri en það og ná aftur til ársins 1960. Þessi gögn sýna fram á að ísbreiðan sem hylur stærstan hluta svæðisins er að hopa (Bindschadler, 2006: 1599). Þetta er ekki aðeins áhyggjuefni heldur beinhörð vísindaleg gögn sem segja okkur og sýna að við höfum engan tíma lengur til

að velta því fyrir okkur hvort þetta sé í raun og veru að gerast heldur er aðgerða þörf og það strax. Það er því í hrópandi mótsögn við raunveruleikan að enn séu til „fræðimenn“ sem rengja þessar staðreyndir um hnattræna hlýnun og afleiðingar hennar, en þeir virðast skjóta upp kollinum annað slagið. Benda þeir þá einkum á „eðlilegar orsakir“ eins og þær að jörðin gangi alltaf í gegnum hlýviðris- og kuldaskið og þannig sé gangur veðurfars á jörð. Það má vissulega taka undir það en það sem fellir þau rök er að engin gögn styðja það að nokkurn tíma í sögu jarðar hafi slík hlýnun orðið með jafn stuttum fyrirvara og á jafn stuttum tíma! Á síðunni loftslag.is eru raktar ýmsar mítur á borð við þessa og er þar tekið fram að tilgangurinn með þeirri samantekt sé að reyna upplýsa fólk um raunverulega stöðu mála og um leið að útrýma misvísandi upplýsingum varðandi loftslagsmál (Höskuldur Búi Jónsson & Sveinn Atli Gunnarsson, 2012).

Frekar erfitt getur verið að spá fyrir um „hegðun“ íss eins og á Suðurheimskautinu þar sem að margir og flóknir áhrifaþættir spila þar inn í sem gerir það að verkum að erfitt er að sjá nákvæmlega fyrir með hversu miklum hraða ísinn bráðnar og þar af leiðandi að ákvarða hversu mikið yfirborð sjávar mun hækka á komandi árum og áratugum (Bindschadler, 2006: 1602).

Í júlí mánuði árið 2009 birtist áhugaverð grein í vefútgáfu þýska dagblaðsins *Der Spiegel* sem er byggð á viðtali við einn virtasta jöklasérfræðing samtímans, Andreas Peter Ahlstrøm. Þar lýsir hann áhyggjum sínum og annarra sérfræðinga varðandi íshelluna á Grænlandi og hversu geigvænleg áhrif aukin bráðnun hennar myndi hafa á hækkandi yfirborð sjávar. Þá bendir hann á að margar eyjar sem staðsettar eru við Indlandshaf eins og Maldíveyjar yrðu mjög illa úti ef fer sem verstu spár gera ráð fyrir á komandi árum og bætir því við að fólk á þeim slóðum sé þegar orðið áhyggjufullt (Seidler, 2009). Ahlstrøm kemur svo inn á að erfitt sé að segja nákvæmlega til um hversu mikil áhrif á hækkandi yfirborð sjávar þetta myndi hafa (eins og Bindschadler talar um varðandi Suðurheimsskautasvæðið) en segir að samkvæmt nýjustu útreikningum sé áætlað að hækkunin geti numið allt að 0.35m. á þessari öld (Seidler, 2009). Þetta virðist ekki vera mikil hækkun í fyrstu en það liggur alveg ljóst fyrir að þau lönd og eyjar sem nú þegar flokkast sem „undir sjávarmáli“ yrðu illa úti. Í þessu viðtali er Ahlstrøm inntur eftir því hvort þetta geti verið eðlileg þróun af náttúrunnar hendi eins og einhverjir kollegar hans hafi bent á. Hann svarar því á þann veg að síðastliðin 150 ár eða svo

hafi Sermeq Kujalleq jökullinn á Grænlandi verið að hopa, nákvæm gögn staðfesti það og að ekkert lát sé á þeirri bráðnun og að öll gögn bendi til þess að hún sé varanleg (Seidler, 2009).

Samkvæmt síðunni *loftslag.is* er það ófrávíkjanleg staðreynd að Grænlandsjökull er að bráðna og það mun hraðar en eðlilegt er. Í grein sem þar er að finna „*Grænlandsjökull dökknar og bráðnar hraðar*“ kemur fram að jökullinn endurkastar nú ekki nærri því jafn miklu magni af sólarljósi og hann gerði, en endurkast þetta varnar því að sólargeislar nái að bræða ísinn. Eðlilegt er að hann endurkasti um helmingi þess sólarljóss sem á honum skellur eða um 50%. Sem dæmi má nefna að jökullinn endurkastaði um 20% minna sólarljósi sumarið 2011 heldur en fyrri hluta síðasta áratugar eða árin 2000 – 2006 samkvæmt gögnum frá gervihnöttum NASA (Höskuldur Búi, 2012).

Seint á síðasta ári – 2011, upphófust deilur um þetta efni, eða bráðnun jökla, og var ísbreiðan á Grænlandi þá í brennidepli. Forsaga málsins er sú að mistök voru gerð við útreikning á stærð ísbreiðunnar þar eða hversu mikið jökulbreiðan hefði hopað og leiddi það af sér mikið fjölmiðlafár og misskilning. Samkvæmt grein sem birtist í bandaríska dagblaðinu *The New York Times* seint á síðasta ári kemur fram að stórkostleg mistök voru gerð af hálfu þeirra sem standa að útgáfu heimsatlasins Atlas of the World eða hinni bresku *The Harper Collins* útgáfu (Barringer, 2011). Útgefendur bókarinnar vildu meina að íshellan sem þekur Grænland hafi minnkað um 15% frá því 1999-2011. Ef það hefði reynst rétt hefði yfirborð sjávar nú þegar hækkað um 1-1.5m. Það er skemmst frá því að segja að jöklafræðingar og aðrir fræðimenn sem hafa með þessi mál að gera urðu æfir vegna mistakanna og loguðu allar bloggsíður þeirra auk þess sem þeir komu fljótt á framfæri leiðréttingu til fjölmiðla. Samkvæmt nýjustu útreikningum er staðan sú að íshellan sem þekur Grænland hefur misst um 0.10% heildar massa síns á þessu 12 ára tímabili (Barringer, 2011). Þetta er töluverður skekkjumunur og í raun grafalvarlegt að ekki hafi verið betur staðið að málum af hendi útgefendanna.

Eins og kemur fram í greininni geta slík mistök skapað vissan glundroða sem annars mætti afstýra og hafa slíkar rangar upplýsingar í för með sér að fræðamannasamfélagið missir vissan trúverðugleika þó svo að í raun megi eingöngu kenna afar slökum vinnubrögðum eins tiltekins útgefenda um. Einnig er þetta þörf áminning um að fara verður varlega með öll gögn sem tengjast þessu máli (loftslagsbreytingunum) svo bæði stjórnvöld og almenningur taki mark á þeim upplýsingum og staðreyndum sem fyrir liggja. Fólk gæti hugsað sem svo að um

ákveðinn hræðsluáróður sé að ræða þegar viðvaranir þeirra sem rannsaka ástandið og benda á hvernig í pottinn er búið, rata í fjölmiðla (Barringer, 2011).

Þetta mál stendur okkur Íslendingum kannski nær en öðrum þar sem að margt er líkt með eyjunum tveimur en hins vegar er aðeins um 11% Íslands þakið jökulbreiðum (Áslaug Geirsdóttir, Bryndís Brandsdóttir og Snævarr Guðmundsson, 2012). Nánar verður vikið að þessu í sér kafla hér á eftir auk þess sem staða umhverfismála á Íslandi verður skoðuð.

Það er nauðsynlegt í þessu samhengi að skoða orsakir þær er liggja að baki því að stór hluti fólks virðist taka fregnum af loftslagsbreytingunum af léttúð. Wilk er á því að fólk (og tilgreinir sérstaklega Bandaríkjamenn) vilji að í fréttaflutningi sé gætt sanngirni og jafnvægis. Þegar því er svo tjáð í fjölmiðlum að íshella norðurpólsins fari ört minnkandi og muni fljótlega hverfa sem og annar ís og jöklar jarðar hugsar það með sér að það hljóti að vera fleiri hliðar á málunum og að ástandið geti hreinlega ekki verið svo slæmt sem fréttaflutningurinn gefi til kynna (Wilk, 2010: 46). Þó svo að Wilk taki sérstaklega fram að hann sé að tala um Bandaríkjamenn og „þjóðarkarakter“ þeirra þá held ég að þetta skýri ansi margt varðandi þann þankagang sem einkennir þjóðir og einstaklinga þegar kemur að umhverfismálum. Sé gengið út frá þessari skýringu þá líta margir á fréttaflutning af hnatthlýnuninni sem einhverskonar hræðsluáróður stjórnvalda sem lítið mark sé takandi á. Það er meðal annars þetta sem mannfræðingar geta unnið með, að gæta að því að miðla upplýsingum á réttan og skiljanlegan hátt til almennings auk þess að leiðrétta misskilning sem getur undið upp á sig og orðið að „almennum sannindun“.

Þá hefur verið stiklað á stóru um bæði ástand og þá hættu sem að mannkyninu og öllu lífríki á jörð steðjar sökum hlýnandi loftslags en flest bendir til að tíminn sé á þrotum og aðgerða sé þörf sem fyrst. En þrátt fyrir slæmar framtíðarhorfur er nauðsynlegt að leggja ekki árar í bát og leita sem fyrst að lausnum og hefja aðgerðir. Í næsta kafla verður farið yfir hvert hlutverk mannfræðinnar er þegar kemur að umhverfismálum og hvað umhverfismannfræðingar leggja til að verði gert svo meðal annars sé hægt að fræða fólk og hjálpa því.

5 Aðkoma mannfræðinnar

Bodley vitnar í einn af kyndilberum og máttarstólpum mannfræðinnar, sjálfan Franz Boas, í bók sinni *Anthropology and Contemporary Human Problems*:

„Mannfræðileg þekking gerir okkur kleift að sjá vandamál þau er blasa við siðmenningu okkar með auknu frelsi“ (Bodley, 2008: 1).

Mikinn sannleik má eygja í þessum orðum Boasar því mannfræðin er sú fræðigrein sem kannski er hæfust allra til að takast á við það sem orsakað hefur þau vandamál sem snúa að umhverfi okkar - mannlegt atbeini. Með öðrum orðum hefur mannfræðin sérhæft sig frá upphafi í að rannsaka tengsl manna og umhverfis frá ýmsum sjónarhornum.

Bob Pokrant og Laura Stocker (í Helen Kopnia, 2011) benda á að mannfræðingar taki nú loks orðið virkan þátt í umræðu umhverfismála, eða öllu heldur að loks sé farið að hlusta á þá og taka mark á því sem þeir og fræðin hafa fram að færa (Shoreman-Ouimet & Kopnia, 2011: 179).

Í fyrstu kann að virðast himinn og haf milli umhverfismannfræði og raunvísinda þeirra sem stuðst er við gögn frá og koma að umhverfismálum en sú er ekki raunin; segja má að mannfræðin brúi bilið milli raunvísindalegra gagna og mannlegs atbeinis. Slík raunvísindaleg gögn eru vitaskuld nauðsynleg til að byggja á, en þau veita ekki þá tengingu við fólkið sem mannfræðin á annað borð hefur öðlast með sérþekkingu sinni á mannlegum samfélögum, menningu þeirra og atbeini einstaklinga. Á þessum grunni byggir svo umhverfismannfræðin sem verður til umfjöllunar hér á eftir.

Áður en lengra er haldið er við hæfi að skoða hlutverk og markmið umhverfismannfræði. Vefsíðan sfaa.net (*The Society for Applied Anthropology*) er tileinkuð nytjamannfræði og er þar meðal annars að finna nokkuð um bæði tilgang og ætlun umhverfismannfræðinnar, en hún fellur eimmitt undir þessa nytjamannfræði. Þar kemur fram að þessi undirgrein mannfræðinnar brúi oft bilið milli samfélaga, vinni að einhverskonar málamiðlun og nýti skilning sinn og þekkingu á smærri sem stærri samfélögum til að vinna að úrlausn umhverfismála (Kunstadter ofl., 2012). Þar er talað um að mannfræðin sé vel til þessa fallin þar sem að fræðin séu:

„þekkt fyrir sérþekkingu sína þegar kemur að því að komast inn í, skilja og lýsa flóknum samfélögum innan alþjóðlegra kerfa“ (Kunstadter ofl., 2012).

Það er þessi „aðgangur að samfélögum“ sem er fyrst og fremst það sem veitir mannfræðinni sérstöðu og einnig skilningurinn á fjölbreytileika mannkyns og rétti hvers og eins samfélags til að vera jafnt öðrum, burtséð frá stærð og umfangi. Eða eins og Bodley bendir á, að með mannfræðilegri þekkingu sé hægt að finna lausnir á hnattrænum umhverfisvandamálum með því að rannsaka bæði fornsöguleg- og nútíma ættbálkasamfélög samhliða því að skoða forn samfélög sem byggðu á keisaraveldi auk nútíma viðskiptasamfélaga (Bodley, 2008). Mannfræðin hefur með öðrum orðum vissa sérþekkingu á menningarlegum fjölbreytileika og nýtist það umhverfismannfræðinni (nytjamannfræðinni) vel þegar hún vinnur að úrlausn umhverfisvandamála með samfélögum og eignarhaldsfélögum (Kunstadter ofl., 2012).

Hvað er það helst sem störf umhverfismannfræðinga fela í sér? Melissa Checker vitnar í umhverfismannfræðinginn Susan Crate í grein sinni *Anthropology in the Public Sphere, 2008: Emerging Trends and Significant Impacts* sem bendir á hvernig umhverfismannfræðingar starfa og þá sérstaklega þeir sem fáist við loftslagsbreytingarnar. Þar kemur fram að fyrst og fremst byrji þeir á að þróa menningarlíkön (*Cultural Models*) af staðbundnum áhrifum hnatthlýnunar og má segja að sú aðferðafræði fylli í eyður vestrænnar vísindapekkingar. Eftir að slík líkön hafa verið gerð er hafist handa við að vinna úr upplýsingum, svo er þeim dreift og loks eru þær nýttar við aðlögunar og stefnumótun, oft í einhverskonar baráttu fyrir málstaðinn (Checker, 2009: 163-64). Nánar verður komið að því síðar hvernig mannfræðingar hafa áhrif á stefnumótendur en það er afar þýðingarmikill hluti af starfi þeirra. Þær Eleanor Shoreman-Ouimet og Helen Kopnia tala um að umhverfismannfræðin sé sérgrein innan mannfræðinnar sem hafi það að markmiði að rannsaka tengsl milli manna og umhverfis. eru þessi tengsl bæði skoðuð út frá sögulegu tilliti og í tengslum við nútímann. Einnig benda þær á að umhverfismannfræðin sé hið hagnýta svið hinnar vistfræðilegu mannfræði (Shoreman-Ouimet & Kopnia, 2011: 1).

Þessi tenging umhverfismannfræðinnar við vistfræðina er nokkuð sem ekki er hægt að hlaupa yfir áður en lengra er haldið því í raun er umhverfismannfræðin runnin undan rifjum hennar eða nánar tiltekið hinni menningarlegu vistfræði (*Cultural Ecology*). Menningarleg vistfræði er ansi nytsamlegt verkfæri þar sem hún kynnir annars vegar vandann og hins vegar úrlausn hans. Þau fræði boða að nauðsynlegt sé að taka tillit til hinna ýmsu þátta eins og stjórnarfars á þeim svæðum sem skoðuð eru (og meðhöndluð) og einnig til þess trúarlega mynsturs sem þar er til staðar. Hún aðgreinir sig frá mann- og félagsvistfræði að því leytinu

til að hún hefur það megin markmið að varpa ljósi á vissa þætti menningar hvers svæðis fyrir sig frekar en að ganga út frá einhverjum alheimslögmálum um tengsl menningar og umhverfis (Haenn & Wilk, 2005: 5). Það er sem sagt ekki nóg að æða bara á viðkomandi stað og boða fagnaðarerindið heldur þarf að skoða bakgrunn hvers svæðis fyrir sig á þeim forsendum að hvert svæði hefur menningarlega sérstöðu.

Forvígismaður menningarlegrar vistfræði er Julian Steward og lagði hann til að ekki væri hægt að komast að kjarna menningar fyrirfram en aftur á móti mætti beita hinni menningarlegu vistfræðiaðferð til að komast nær honum með þeim hætti að byrja á að greina sambandið sem fyrirfinnst á milli þeirrar tækni sem notuð er hverju sinni við að nýta umhverfið og einnig samband fólks við umhverfið sjálft. Hegðunarmynstur eru tengd hinu efnislega á ýmsan hátt og er þá til dæmis skoðað hvort fólk starfi sjálfstætt eða sé í einhverskonar samvinnu og síðan er rannsakað hvort þessi hegðunarmynstur hafi áhrif á meðal annars ættartengsl, hernaðarbrölt eða trú (Townsend, 2000: 15). Aðferðafræði Stewards lagði því að nokkru leyti grunninn að þeirri aðferðafræði sem umhverfismannfræðin er byggð á og er notast við í dag.

Það er þessi menningarlega sérstaða hvers samfélags sem er að mínu mati gríðarlega þýðingamikil að skoða þegar kemur að úrvinnslu vandans á hverju svæði fyrir sig og einnig að gera það að forgangsmáli að hlusta á og taka mark á heimamönnum. Það er eitthvað sem fræðimenn yfir höfuð ættu að hafa að leiðarljósi þegar verið er að vinna að slíkum sameiginlegum vandamálum. Það situr enginn einn hópur, samfélag eða þjóð að umhverfisvandanum þó svo að hann sé í bakgarði viðkomandi: ef ekkert er að gert mun hann hafa áhrif á alla jarðarbúa, ef eyðing Amazon frumskógarbeltisins er tekin sem dæmi.

Þau Bob Pokrant og Laura Stocker (í Kopnía & Shoreman-Ouimet, 2011) fjalla um að ofuráherslan á vísindalega nálgun vandans sé ópersónuleg og miðli litlu til almennings en í því felist kjörið tækifæri fyrir mannfræðinga til að brúa bilið og vera í lykilhlutverki sem felur ekki aðeins í sér að miðla upplýsingum til almennings heldur leggja þau til að mannfræðileg þekking hafi einnig það mikilvæga hlutverk að hjálpa fólki að takast sjálfu á við vandann með því að leiðbeina því og auka þekkingu þess á því ástandi sem hefur skapast: sem sagt að virkja það (Kopnía & Shoreman-Ouimet, 2011: 180). Conrad P. Kottak (í Haenn & Wilk, 2005) er nokkurn veginn á sama máli en varar hins vegar við því að hinar nýju aðferðir innan

umhverfismannfræðinnar megi ekki fjarlægja fólkið og sérstæða menningu þeirra og samfélög úr rannsóknarömmum þeim er fræðin notast við (Haenn & Wilk, 2005: 40).

En er þá nóg að „hlusta“ bara á heimamenn þegar komið er að slíkum málum? Þeir Craig T. Palmer og Reed L. Wadley benda í þessu samhengi á hina „nýju nytja mannfræði“ (*new applied anthropology*) og að hún feli það í sér að taka mið af því hvernig heimamenn sjá og skynja umhverfi sitt (Palmer & Wadley, 2007: 749). Þeir leggja áherslu á mikilvægi þess að hlusta ekki aðeins á heimamenn heldur líka að fylgjast með því hvernig þeir athafni sig í umhverfi sínu. Þeir gagrýna þar af leiðandi þá ráðandi stefnu að „hlusta“ aðeins á fólk en fylgja því svo ekki eftir hvað það aðhefst því ekki er hægt að lýsa öllu mannlegu atferli með orðum; mannfræðingar mega sem sagt ekki gleyma sér í orðræðunni einni saman (Palmer & Wadley, 2007: 758).

Löng hefð er fyrir vettvangsrannsóknum í mannfræði og er óhætt að segja að fræðin séu byggð að miklu leyti á þeim. Þessar rannsóknir hafa gert það að verkum að skilningur mannfræðinga hefur ekki aðeins aukist á „frumstæðum“ eða „exótískum“ samfélögum – heldur einnig á þeirra eigin samfélögum og gerð þeirra. Þetta er umhverfismannfræðingum gríðarlega þýðingarmikið bakland og sækja þeir stóran hluta þekkingar sinnar til kyndilbera mannfræðinnar sem byggðu upp mannfræðina sem fræðigrein að miklu leyti á slíkum vettvangsrannsóknum. Sjálfur Bronislaw Malinowski, frumvköðull mannfræðilegra vettvangsrannsókna, segir í bók sinni *Argonauts of the Western Pacific* að aðalmarkmið þess sem framkvæmir vettvangsrannsókn eigi alltaf að fela það í sér:

„að ná að fanga viðhorf heimamanna, afstöðu þeirra til lífsins, að gera sér grein fyrir þeirra sýn á þeirra heim“ (Malinowski, 1922).

Þarna í árdaga mannfræðinnar má strax greina skýrar línur vettvangsrannsóknarinnar sem er helsta vopn mannfræðinga í baráttunni fyrir trúverðugleika fræðigreinar sinnar. Þetta skiptir gríðarlega miklu máli þegar átt er við jafn stórt og víðfeðmt vandamál og umhverfisvandann; raddir fólksins verða að fá að heyrast og það verður að taka á þeim mark og þá sérstaklega minni samfélögum heimsins sem oftast en ekki eru hvað brothættust.

Er umhverfismannfræðin þá starfi sínu vaxin? Bob Pokrant & Laura Stocker (í Kopnia & Shoreman-Oimet, 2011) benda á að afskaplega lítið hafi verið að finna um loftslagsbreytingarnar í mannfræðilegri umræðu um langt skeið. Svo dæmi sé tekið var lítið sem ekkert að finna um þessi mál í stærstu og virtustu mannfræðitímaritunum (eins og t.d.

American, Anthropologist) á tuttugu ára tímabili, 1988-2007! Eftir það hafi fræðin hins vegar tekið við sér og málefnið sé orðið mun meira áberandi innan mannfræðinnar í dag (Kopnia & Oimet, 2011: 182). Áður en farið er að gagnrýna að mannfræðin sé höfð að engu í umræðunni um umhverfismál verður þetta vitanlega að breytast. Fræðin hljóta ekki athygli ef umhverfismannfræðingar gera sig ekki sýnilega og benda á þá þekkingu sem þeir hafa fram að færa. Aftur á móti vill Melissa Checker meina að þessi tími (u.þ.b. frá 1990 til snemma 2000) hafi ekki farið til spillis heldur þvert á móti hafi hann verið nýttur af mörgum mannfræðingum til skipulagningar og mótunar, ekki síst varðandi það hvernig mannfræðin ætti að koma almenningi fyrir sjónir. Það kemur svo fram að, að hennar mati hafi tekist vel til og hafi mannfræðingar náð góðum árangri með þessu (Checker, 2009: 162).

Sem betur fer virðist svo vera sem mannfræðin og umhverfismannfræðingar séu að taka við sér því nú starfar fjöldinn allur af mannfræðingum með vísindamönnum úr ýmsum greinum eins og landfræði, líffræði og vistfræði (Pokrant & Stocker, 2011). Vinna þeir þá saman að þverfaglegum rannsóknaverkefnum sem hafa með lausn umhverfisvandamála að gera (Kopnia & Ouimet, 2011: 182).

Í grein þeirra Meredith Welch-Devine og Lisu M. Campell *Sorting out roles and defining divides: Social sciences at the World Conservation Congress* kemur meðal annars fram að mannfræðingar þurfi að stíga hið næsta skref og sýna fram á hvernig greiningar þeirra og aðferðir geta verið gagnlegar: með öðrum orðum, að tengja gagnrýnis-orðræðu þáttinn við þátttöku og sýna þar með hvernig greiningar mannfræðinga geta frætt og hjálpað við að móta aðferðir þeirra sem tengdir eru umhverfismati og vernd (Campell & Devine, 2011). Samkvæmt þessu þurfa mannfræðingar enn á ný að selja trúverðugleika fræðanna. Það er nokkuð í samræmi við það sem fram hefur komið hér að framan, en á móti kemur að augljóst er að verið er að eiga við umhverfisvandamál af mannavöldum; er þá ekki alveg borðleggjandi að mannfræðinga og sérþekkingu þeirra eigi ekki að þurfa að selja?

Í grein þeirra Devine & Campell er einnig að finna vísu greiningu á því hvers vegna mannfræðingum og öðrum fræðingum innan félagsvísindanna hefur gengið illa að öðlast þennan trúverðugleika og þá sérstaklega gagnvart öðrum sviðum vísindanna eins og náttúruvísindunum. Þær kenna um mismunandi aðferðum og áherslum hjá annars vegar félagsvísindafólki (í þessu tilfelli mannfræðingum) og hins vegar þeim sem starfa undir merkjum raunvísindanna auk þess að hvor hópur fyrir sig hefur ekki kynnt sér nægilega

fræðilegan grundvöll hvors annars (Campell & Devine, 2011). Heid Jerstad bætir því við að það sem raunvísindamenn skorti fyrst og fremst skilning á sé hvernig loftslagsáhrif skelli á samfélögum fólks sem hvert og eitt stjórnast af gríðarlega mismunandi vistfræðilegum og félagslegum skilyrðum. Hún bendir einnig á að mannfræðingar eigi ekki að forðast pólitíkina sem fylgi þessu málefni og rökstyður með þeirri staðreynd að í raun hafi mannfræðin alltaf verið lituð af stjórnámálum og vísar til þess tíma þegar mannfræðingar fóru til nýlenduríkjanna að framkvæma vettvangsrannsóknir á öndverðri síðustu öld (Jerstad, 2011). Mögulega er það þetta tvennt sem skemmt hefur fyrir umhverfismannfræðingum hingað til en þessi einarða aftstaða margra mannfræðinga, að láta pólitísk málefni óaðskipt, á ekki lengur við þar sem umhverfismál eru hápólitísk.

Af þessu að dæma má segja að umhverfismannfræðin sem fræðigreinin sé í tilvistarkreppu. Það er eins og umhverfismannfræðingar séu hikandi við að koma sínu á framfæri af ótta við að bæði þeir og fræðin verði dæmd. Mannfræðin þarf ekki og ætti aldrei að þurfa að berjast fyrir trúverðugleika sínum þar sem hún hefur svo margt mikilvægt fram að færa og að mínu mati er hún eins og sniðin fyrir baráttu umhverfismála þar sem hún berst bæði fyrir áheyrn og tilverurétti minni samfélaga auk þess að veita þá innsýn í hinn mannlega þátt sem alltof oft gleymist. Mannfræðingar eiga fullan rétt á því að hafa afskipti af stjórnámálum og málefnum líðandi stundar þó svo að vissrar varkárni verði einnig að gæta. Svo fyrrgreindri spurningu sé svarað varðandi það hvort umhverfismannfræðin sé starfi sínu vaxin, þá tel ég svo vera og gott betur og vísa í máli mínu til stuðnings það sem kom fram fyrr í kaflanum varðandi störf umhverfismannfræðinga. Aftur á móti er ekki hægt að horfa fram hjá því að vissa samstöðu hefur vantað meðal mannfræðinga frá árdögum mannfræðinnar sem fræðigreinar auk þess sem hinn endalaus skotgrafahernaður mannfræðinga hefur nokkuð grafið undan trúverðuleika og þróun hennar sem vísindagreinar. Á móti kemur að viðfangsefni mannfræðinnar er þeim eiginleikum gætt að það sætir sífelldri endurskilgreiningu (eðli málsins samkvæmt) og því hljóta fræðin að sveiflast í takt við það. Þessi sífellda endurskilgreining og naflaskoðun mannfræðinnar verður einnig að teljast hennar sterkasta hlið auk þess sem það veitir henni forskot á aðrar greinar innan umhverfisvísindanna.

6 Staðan á Íslandi

Það er kannski hægt að tengja sofandahátt margra gagnvart umhverfinu við þá ímynd sem þeir virðast hafa af ósnortinni náttúru eigin heimkynna og á það ef til vill einna best við um okkur Íslendinga. Mikil vinna hefur farið í að kynna hina hreinu og óspilltu náttúru Íslands fyrir útlendingum sem hefur haft þau áhrif að allt of margir innfæddir telja hana og auðlindir hennar sjálfsagða: svo sjálfsagða að við þvóm bíla okkar með drykkjarvatni, eitthvað sem fáar aðrar þjóðir myndu nokkurn tíma hafa efni á, hvað þá leyfa sér.

Við Íslendingar þurfum að vera vakandi eins og aðrar þjóðir gagnvart núverandi og aðsteðjandi vanda sem herjar á okkur sem og aðra jarðarbúa. Þá ber fyrst að nefna hina hnattrænu hlýnun sem hefur nú þegar haft áhrif hér sem annarstaðar eins og kemur fram á vefsíðu Jökuls, Jöklarannsóknafélags Íslands. Þar kemur einnig fram að nákvæmar mælingar hafi verið stundaðar um þónokkurt skeið á jöklum Íslands og „hegðun“ þeirra eða frá því að félagið (Jöklarannsóknafélag Íslands) var stofnað árið 1950 (Áslaug Geirsdóttir ofl., 2012).

Nýlega birtist til dæmis frétt í vefútgáfu Morgunblaðsins (*mbl.is*) sem vísaði í rannsóknir félagsins undir fyrirsögninni: „*Jökullinn rýrnaði um þriðjung á tíu árum*“. Þar var fjallað um hvernig Snæfellsjökull hefur hopað um 14 metra frá árinu 1999 – 2008 eða um 1.5 metra að meðaltali ár hvert. Eins og kemur svo fram síðar í fréttinni má áætla að ef þróunin verður sú sama á næstu árum muni jökullinn að mestu eða öllu leyti hverfa á komandi árum því að á þessu níu ára tímabili hafi hann þá þegar hopað um þriðjung (*mbl.is*, 2012). Þetta eru miður góðar fréttir fyrir okkur Íslendinga af mörgum ástæðum en helst ber það að nefna að jöklar eru eitt helsta forðabúr jarðar af ferskvatni og hafa þeir brynnt okkur Íslendingum frá landnámi. Oft hefur verið talað um að ferskvatn sé gull framtíðarinnar þar sem nú þegar er farið að gæta vatnsskorts víðsvegar um heiminn sökum loftslagsbreytinganna.

Bráðnun og rýrnun íslenskra jökla er vissulega áhyggjuefni, en það er aðeins eitt fjölmargra umhverfisvandamála sem Íslendingar þurfa að takast á við í framtíðinni eins og loftslagsbreytingarnar gera ráð fyrir. Alltof mikil værd hefur litað umræðuna hér á landi sem er miður en það breytir ekki gangi mála; við erum á engan hátt undanskilin því sem er að gerast allt í kringum okkur eins og þetta dæmi hér að ofan um rýrnun Snæfellsjökuls sýnir. Íslendingar hafa geta státað af nokkuð hreinni og óspilltri náttúru hingað til en það gæti tekið örum breytingum sökum gríðarlegs vaxtar ferðamannaiðnaðarins síðastliðin ár. Hann skilar

okkur vissulega tekjum en ágangurinn á landið sem honum fylgir skilar litlum sem engum ávinningi fyrir umhverfi okkar.

Samkvæmt Trista M. Patterson, Valentina Niccolucci & Simone Bastianoni er ferðamannaiðnaðurinn stærst allra atvinnugreina og hefur hann víðtæk neikvæð áhrif á umhverfið. Þau benda einnig á að hann skapi aukinn þrýsting á nánast öll svæði jarðarinnar og sé þar af leiðandi valdur af þessum neikvæðu áhrifum. Þau taka dæmi varðandi neyslu ferðamanna og benda á að þeir neyti mun meira þegar þeir ferðast heldur en þeir geri almennt heima hjá sér. Eiga þau þá væntanlega við matarvenjur ferðalanga þar sem viss hefð er fyrir því að fólk neyti sem mest af þjóðlegu fóðri því er landið sem heimsótt er hefur upp á að bjóða. Þau vilja einnig meina að samband sé milli neysluvenja ferðalanga þegar komið er á staðinn og hvernig viðkomandi svæði haldi að honum ýmissi neyslu (sem nauðsynlegum hluta heimsóknarinnar) til dæmis mat og drykk (Bastianoni ofl. 2006: 748).

Þetta má skoða í samhengi við þá sprengingu sem orðið hefur í straumi ferðamanna til landsins síðastliðin ár. Allt kapp er lagt á að ferðalangurinn innbyrði sem mest af landsins gæðum og greiði fyrir. Það er einmitt tilgangurinn, eða að hafa sem mest fé af ferðamönnum fyrir vikið til að auka gjaldeyristekjur þjóðarinnar. Það hefur orðið ofan á að selja landið í þeim tilgangi að koma okkur sem fyrst út úr þeim efnahagslegu þrengingum sem þjóðin hefur sætt síðan seint árið 2008. En það mun vera skammgóður vermir þar sem ágangurinn á landið og auðlindir þess verður seint metinn til fjár.

Í ansi sláandi grein sem birtist í fréttablaðinu þann 7. apríl (2012) og bar yfirskriftina „Náttúran á undir högg að sækja vegna ágangs manna“ er fjallað um aukinn ágang á náttúru landsins. Þar kemur fram að stóran hluta þessa aukna ágangs megi rekja til ferðamannaiðnaðarins og bitnar hann nær eingöngu á suðurlands undirlendinu þar sem áhrifin eru allt að tvöfalt meiri en á landsvísu. Í greininni er fyrst of fremst vitnað í meistaraverkefni Elke Wald þar sem hún skoðar sérstaklega stöðu umhverfismála á Íslandi með tilliti til ágangs er skapast af áður nefndum ferðamannaiðnaði. Tímabilið sem Elke skoðaði var frá árinu 1900 – 2010 og hafa umhverfisáhrifin margfaldast samkvæmt henni og þá einkum á láglandi Árnes- og Rángárvallasýslu, þangað sem flestir ferðamenn sem heimsækja landið leggja leið sína. Eru áhrifin á tímabilinu talin nema allt að 60%. Einnig kemur fram í greininni að friðlönd innan svæðisins verða einnig fyrir töluverðu raski eða allt að 20% þeirra sem verður að teljast alltof há prósentu. Þarna er átt við yfirlýst griðarsvæði

fugla sem lítið sem ekkert má hrófla við til að hrun verði ekki í varpi þeirra því þeir eru mjög viðkvæmir fyrir öllu slíku raski (Birgir H., 2012).

Þessar upplýsingar sýna svart á hvítu að íslensk náttúra er ekki undanskilin ágangi mannskepnunnar þrátt fyrir að dula hafi verið dregin fyrir augu margra heimamanna. Við sem þjóð verðum að horfa fram á veginn og skoða hvað má betur fara því það er nokkuð ljóst að við getum ekki lokað á ferðamannaiðnaðinn eins og staðan er, en einhverjar takmarkanir verða að koma til sem og aðrar haldbærar lausnir til verndar íslenskri náttúru. Hvaða leiðir er hægt að fara svo tekjur megi hafa af ferðamannaiðnaðinum en um leið minnka neikvæð áhrif hans? Eins og Bastianoni ofl. benda á má minnka þessi neikvæðu áhrif með sjálfbærum ferðamannaiðnaði (*Sustainable Tourism*) sem felur það í sér að taka mun meira mið af þeim umhverfisáhrifum sem ferðamennska hefur í för með sér. Á meðan stjórnvöld ríkja hafi verið upptekin við mat á umhverfisáhrifum annarra þátta hafi slíkt mat vantað er varðar umhverfisáhrif ferðamannaiðnaðar á fjölsótta ferðamannastaði (Bastianoni ofl. 2006: 748). Þau benda á ýmsar leiðir til þess að færast nær slíkum sjálfbærum ferðamannaiðnaði eins og til dæmis þá að takmarka aðgang að þeim stöðum sem vinsælt er að skoða og ferðalangar flykkjast iðulega á (Bastianoni ofl. 2006: 754). Þetta er ein þeirra lausna sem í boði eru en fjölmargar aðrar eru til staðar; það eina sem vantar er að Íslendingar opni augun og sjái í hvað stefnir. Nú þegar er farið að sjá nokkuð á ýmsum náttúruminum hér eins og svæðinu við Gullfoss og Geysi væri ekki vanþörf á að takmarka nokkuð aðgang að því sem og öðrum sem verða verst úti yfir sumartímann svo að hægt sé að stuðla að frekari verndun þeirra. Einnig væri hægt að dreifa fjölda þeirra ferðamanna sem hingað koma eins og Bastianoni ofl. (2006) benda á.

EKKI er eingöngu hægt að kenna auknum straumi erlendra ferðamanna til landsins um versnandi ástand íslenskrar náttúru. Elke Wald bendir á að Íslendingar sleppi nokkuð miklu magni gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið samanborið við önnur Evrópulönd og Bandaríkin auk þess að menga mest allra þjóða með málframléiðslu sinni. Einnig er mengun hér vegna landbúnaðar sú þriðja mesta samanborið við Evrópu og Bandaríkin og til að kóróna allt saman þá er mengun tengd bensínknúnum farartækjum sú fjórða mesta (Birgir H., 2012). Þar fór glansmynd hinnar óspjölluðu íslensku náttúru fyrir lítið.

Ég tel við hæfi að enda kaflann á því að vitna í orð Arnasar Arneusar, eina af lykilpersónum bókarinnar *Íslandsklukkunnar* eftir Halldór Kiljan Laxness: Arnasi bauðst að

selja Ísland erlendum auðmanni til að bjarga sóma landsins. Eftir nokkur heilabrot og baráttu við eigin samvisku svaraði hann kauptilboðinu með þeim orðum að Ísland og saga þess yrði aldrei metin til fjár. Þessi hugvekja á hugsanlega aldrei betur við en í dag: íslensk náttúra verður aldrei metin í mynt né seðlum.

7 Áhrif kjötneyslu á umhverfið og réttindi „hinna“?

„Þó að á okkar mannhverfa hátt við flokkum í mestu makindum restina af plánetunni sem hinn ómennska heim þýðir það ekki að við séum undanskilin því að láta okkur hann varða“ (Haenn & Wilk, 2005: 56).

Þessi orð I.G. Simmons (í Haenn og Wilk) eru þörf áminning handa okkur mannfólkinu. Kafli hans fjallar nokkuð um það siðferði sem óumflýjanlega er nátengt öllu sem viðkemur sambandi nútíma mannsins og náttúrunnar, hvort sem um ræðir samband hans við aðrar lífverur eða umhverfið sem við deilum með þeim. Hann veltir einnig fyrir sér ríkjandi viðhorfi fólks gagnvart réttindum dýra eins og því að í flestum samfélögum er það viðtekin venja að líta á vissar dýrategundir sem eingöngu fæðu en aðrar sem gæludýr (Haenn og Wilk, 2005: 57). Það varðar til dæmis við lög í mörgum ríkjum ef fólk leggur sér gæludýr eins og hunda til munns. Þetta verður að teljast undarleg þróun sama hvernig á það er litið og fellur ekki undir nein siðferðislögmál. Ef þessar siðferðisvangaveltur eru svo settar í samhengi við þær neysluvenjur sem einkenna hluta mannkyns og þá sérstaklega vesturlandabúa kemur ýmislegt upp á yfirborðið sem gæti skýrt þessa afstöðu fólks gagnvart rétti dýra.

Richard Wilk (2010) bendir á að nokkur skekkja sé oft í útreikningum félagsvísindamanna varðandi athuganir þeirra á neysluvenjum fólks. Á hann þá við að fólk segi oft eitt en geri annað og í raun sé oft lítið samræmi milli þess sem það heldur fram og þess sem það svo gerir og tekur hann dæmi máli sínu til stuðnings varðandi matarvenjur og neyslu fólks. Fólk segist styðja réttindi dýra og velferð en borðar hamborgara; heldur því fram að það drekki *Fairtrade* kaffi af því það kaupir einn pakka af því á viku en drekkur svo marga lítra af óvottuðu brasilísku kaffi í vinnunni; það segist meta velferð fjölskyldunnar ofar öllu en eyðir svo sparifé sínu í óþarfa eins og risasjónvörp og svo mætti lengi telja (Wilk, 2010: 45). Þetta dæmi Wilk's er kannski nokkuð öfgakennt en þó má álykta sem svo að nokkuð mark sé takandi á þessum sleggjudómi þar sem að flestir telja sig orðna meðvitaða um umhverfið og hvað sé því skaðlegt en þekkingarleysi fólks endurspeglast í neysluvenjum og daglegum athöfnum þess.

Ef í þessu samhengi eru skoðuð áhrif mikillar kjötneyslu nútímans á umhverfið auk réttinda dýra kemur margt miður fallett upp á yfirborðið. Það er til dæmis sorgleg staðreynd að alltof fáir virðast meðvitaðir um að stærstur hluti gróðurhúsalofttegundanna er kominn beint frá dýrum í sláturhúsum sem hafa þann tilgang einan að vera ræktuð sem fæða handa fólki. Í þeim „iðnaði“ eru réttindi þeirra höfð að engu og allt kapp lagt á að framleiða sem mest á

sem styðstum tíma, þá er lítið rúm fyrir réttindi þessarar helstu fæðu okkar manna. En ekki verður farið nánar út í þá sálma eða réttindi dýra að svo búnu.

Aftur á móti er nauðsynlegt að skoða hversu stór hluti af umhverfisvandamálum nútímans tengist hinum svokallaða verksmiðju landbúnaði - eða „*Factory Farming*“ eins og þessir framleiðsluhættir á kjöti eru oftast kenndir við. Emily Yates-Doerr fjallar um aukna eftirspurn eftir kjöti í grein sinni *Meeting the Demand for Meat?* Miðast þessi eftirspurn við þróunarlönd þar sem neysla kjöts hefur margfaldast á síðastliðnum árum og er kjöt orðið að aðalfæðu fólks á þessum slóðum. Í greininni kemur fram að árið 2050 muni fólksfjöldi jarðar vera kominn í 9.1 milljarð og megi þá einkum rekja þá aukningu til fjölgunar fólks í þróunarlöndum (Yates-Doerr, 2012: 11). Samkvæmt vefsíðunni census.gov er mannkynið rétt skriðið yfir sjö milljarðana, verður þessi gríðarlega fólksfjöldaaukning að teljast til mikilla váfrétta fyrir umhverfismannfræðinga og aðra sem koma að umhverfismálum þar sem offjölgun mannkyns er eitt af stærstu vandamálum framtíðarinnar. Til að mæta þessari gríðarlegu eftirspurn eftir kjötvöru hefur þurft að gera ýmsar breytingar á framleiðsluáttum. Nú hefur til dæmis genatækni verið bætt inn í framleiðsluferlið til að auka framleiðni (á það ekki aðeins við um kjötframleiðsluna) og er framleiðsla matar orðinn háð slíkum breytingum til að hægt sé að metta fjöldann (Moran, 2010: 56).

Ekki er hægt að horfa framhjá hinum gríðarlega neikvæðu umhverfisáhrifum sem aukin kjötneysla mannkyns hefur. Nú þegar er hún tengd við eyðingu skóga sem rutt er í burtu svo hægt sé að auka beutiland fyrir búfé sem svo leiðir af sér neikvæða þróun varðandi fjölbreytileika tegunda; fleiri og fleiri tegundir missa búsvæði sín, gríðarlegt magn af vatni fer í kjötframleiðslu, sem nú þegar er af skörnum skammti, og loks hefur kjötframleiðsla í för með sér mikla losun gróðurhúsalofttegunda (sem eins og margsinnis hefur komið fram) er beintengd við loftslagsbreytingarnar (Yates-Doerr, 2012: 11).

Nokkuð ógnvekjandi er að verða ítrekað vitni að þekkingarleysi fólks þegar kemur að þessum lið umhverfismála og virðast afskaplega fáir meðvitaðir um hversu gríðarlegt magn gróðurhúsalofttegunda er komið beint frá kjötiðnaðinum. Er sá hluti talinn vera að minnsta kosti 20% og er það hlutfall rakið beint til landbúnaðargeirans; er svo nær 80% af því hlutfalli rakið til kjötiðnaðarins og er þá reiknað með þáttum eins og landhreinsunum fyrir búfjarræktun og metan gas losun kinda og nautgripa (Peace, 2008: 5).

Í grein sinni *Meat in the Genes*, fjallar Adrian Peace um hversu sterk ítök kjötiðnaðurinn hefur í nútímasamfélögum og tekur dæmi frá heimalandi sínu Ástralíu. Segir hann meðal annars frá því hvernig þarlend samtök (*Meat and Livestock Australia*) fóru af stað með átak til þess að fá fólk til að auka neyslu kjöts og kjötvöru og fengu samtökin meira að segja til liðs við sig mannfræðinga til að auka á trúverðugleika herferðarinnar (Peace, 2008: 5). Peace gagnrýnir meðal annars þetta í grein sinni eða hvernig „virtir“ mannfræðingar létu til leiðast með þátttöku sinni í herferðinni og þá sérstaklega í ljósi þeirra umhverfisáhrifa sem aukin kjötneysla mannkyns hefur í för með sér (Peace, 2008: 10). Síðar kom í ljós að mannfræðingarnir sem vitnað var í í auglýsingaherferðinni og studdu hana hefðu þegið greiðslu fyrir frá samtökunum (Peace, 2008: 9). Ég geri ráð fyrir að mannfræðingar séu „mannlegir“ eins og aðrir og því ekki undanskildir því að falla fyrir höfuðfreistingum eins og peningum, en ég vona að það sé ekki algengt og fyrirfinnist lítið af dæmum um slíkt þegar kemur að jafn mikilvægu máli og því að reyna bjarga framtíð okkar hér á þessari jörð. Þetta segir okkur líka það að fræðin verða að gæta að því hvernig þau koma almenningi fyrir sjónir til þess að missa ekki áður nefndan trúverðugleika.

Án þess að kafa dýpra í þessa ákveðnu grein og álíta sjónarmið höfundar hennar sem hið eina rétta má samt draga af henni ákveðnar ályktanir eins þá að oft virðast vera ákveðin tengsl milli fjármagnseigenda og vanvirðingar við umhverfið. Lítið tillit er þá tekið til umhverfisins og er engu skeitt um framtíðina ef fjárhaglegur ávinningur er til staðar. Auk þess má draga þá ályktun vaðrandi slíkan verksmiðjubúskap að þetta kjöt sem framleitt er með slíkum nútíma aðferðum eins og kemur fram hjá Moran (2010), geti varla talist gott heilsu fólks.

Varðandi réttindi dýra má bæta eftirfarandi hugleiðingu við: kannski væri fólk meðvitaðra um umhverfið og varðveislu þess ef það væri meðvitað um réttindi „hinna“ sem deila því með okkur? Hvort manningurinn er í sjálfsveld sett að vera drottari dýra hér á jörð eða hann hafi orðið það fyrir tilstuðlan einhverra ókunnra utanaðkomandi krafta á einhverjum tímapiunti er eitthvað sem ómögulegt er að svara en fríar okkur ekki sem tegund frá þeirri siðferðislegu skyldu sem við höfum að gegna gagnvart umhverfi okkar og öðrum tegundum þess.

8 Stjórnvöld, stefnumótendur og umhverfismál!

Peter Bille Larsen (í Kopnia & Shoreman-Ouimet, 2011) fjallar um hvernig umhverfispólítík sé nú mjög ráðandi afl í pólitísku umróti samtímans, eitthvað sem var óhugsandi fyrir 40 árum. Auk þess megi draga þá ályktun að eitthvað hafi farið úrskeiðis hjá þeim ríkjum eða fyrirtækjum sem ekki hafi nokkuð afmarkaða og skýra umhverfisstefnu. Einnig vekur hann máls á því að margt hafi breyst til hins betra á frekar skömmum tíma en engu að síður sé það sorgleg staðreynd að valdatafl stjórn mála- og auðmanna hafi jafn mikil áhrif á umhverfismál og raun ber vitni. Þrátt fyrir allt sem gert hefur verið varðandi umhverfismál og það að umhverfisstefnur sé að finna víða, eru þau á hraðri niðurlæið (Kopnia & Shoreman-Ouimet, 2011: 75-76). Hann kemur svo inn á hvert hlutverk umhverfismannfræðinga ætti að vera þegar kemur að stefnumótun umhverfismála og segir að það eigi ekki að vera spurning um að samræma umhverfismannfræðina við stefnur í umhverfismálum heldur verði að viðurkenna fjöldann allan af aðferðum sem eru nauðsynlegar til að varpa ljósi á heildar svið þeirra stefna sem hafa með samband manns og náttúru að gera. Með öðrum orðum mega mannfræðingar ekki einskorða sig við sínar eigin áherslur og aðferðir þegar kemur að því að hafa áhrif á stefnumótun heldur að hafa þær til jafns við aðrar aðferðir sem í boði eru (Kopnia & Shoreman-Ouimet, 2011: 90).

Wilk talar um að ef eigi að breyta vísindalegum gögnum í virk almenn stefnumál og stefnur sem varða mikilvæg mál eins og loftslagsbreytingarnar þurfi að setja þann samskiptavanda í forgrunn sem skapast hefur milli almennings og stjórnámálanna annrs vegar og þeirra vísindamanna sem leggja gögnin fram hins vegar. Hann leggur því áherslu á að það sé mjög mikilvægt í þessu samhengi að setja hin vísindalegu gögn „rétt“ fram og miðla þeim svo áfram til almennings (Wilk, 2010: 38).

Þetta hlýtur að vera stór partur af vandanum eða hvernig upplýsingum sérfræðinga um versnandi stöðu umhverfismála er miðlað til almennings. Einnig eins og Wilk bendir á varðandi stefnumótun í umhverfismálum, þá skipti það megin máli að vísindamenn, jafnt félags- sem raunvísindamenn, átti sig á að það hvernig þeir sjái vandamálin og hugsa þau er oft langt frá því hvernig þau sömu vandamál koma fyrir í hinni almennu eða opinberu umræðu. Til að bæta úr þessu er vænlegast að félagsvísindamenn geri sér grein fyrir því að þeir hafi takmarkaða getu til þess að setja sig inn í vísindi og aðferðir annarra vísindamanna og sérfræðinga sem unnið er í samstarfi við og að einnig sé mikilvægt að rannsaka og reyna

að skilja hvernig „áheyrendur“ eða almenningur hugsar. Þetta leggur Wilk til á þeim forsendum að það geti verið mjög vandasamt að miðla rannsóknum félagsvísindamanna svo úr verði virkar stefnu tillögur. (Wilk, 2010: 38-39). Þetta er afar þýðingarmikið, að þýða fagmál félagsvísindamanna svo hægt sé að hafa áhrif á stjórnvöld og stofnanir við stefnumótun og er þetta eitt af fjölmörgum verkefnum sem mannfræðingar og aðrir félagsvísindamenn þurfa að leysa til að árangur náist. Um þetta hlutverk sitt verða þeir að vera meðvitaðir svo upplýsingar þeirra og ráðleggingar fari ekki fyrir ofan garð og neðan.

Judkins, Smith og Keys fjalla í grein sinni *Determinism Within Human-Environment Research and the Rediscovery of Environmental Causation* um samband manns og náttúru. Þau spyrja meðal annars spurningarinnar: „hvert er og hvert ætti samband okkar að vera við náttúruna“? (Judkins ofl.,2008: 17). Þessi spurning er ein þeirra lykilsurninga sem umhverfismannfræðingar verða í sífellu að spyrja sig að í tengslum við að hafa áhrif á stefnumótendur. Það liggur hins vegar ljóst fyrir að sambandi okkar manna við umhverfið verður að stýrast af jafnvægi en ekki eyðileggingi með tilheyrandi yfirgangi.

Þau Judkins ofl. (2008) benda á að stjórnvöld og þeir sem komi að stefnumótunum séu loksins að ranka við sér og átta sig á mikilvægi þess að taka á umhverfisvandinum og meðfylgjandi hættuástandi með tilliti til fólks í umhverfinu, ekki fyrir utan það (Judkins ofl.,2008: 17). Þessi viðhorfsbreyting er umhverfismannfræðingum gríðarlega mikilvæg og í raun nauðsynleg forsenda þess að hægt sé að forgangsraða rétt þegar kemur að stefnumótun í umhverfismálum. Hafa verður í huga að rétt eins og aðrar lífverur jarðar erum við hluti af umhverfi okkar á sama hátt og umhverfið er hluti af okkur, það má aldrei gleymast því þetta er ein grunnforsenda þess að hægt sé að takast markvisst á við umhverfisvandann.

Moran talar um að tilhneiging sé meðal stefnumótenda víðsvegar um heim til þess að beygja sig fyrir þrýstihópum völdugra fyrirtækja frekar en kröfum almennings. Slík fyrirtæki leggja mikið upp úr því að sannfæra almenning og hluthafa um að þau séu ábyrg þegar kemur að umhverfismálum en á sama tíma starfa þrýstihópar á þeirra vegum með það að markmiði að komast hjá samþykktum á lagasetningum sem hafa með losun eiturefnaúrgangs þessara fyrirtækja að gera (Moran, 2010: 13). Út frá þessu að dæma snúast umhverfismál enn að alltof miklu leiti um völd og peninga og því miður eru stórfyrirtæki og stjórnvöld enn að reyna að komast undan lagasetningum og stefnum sem settar eru fram til verndar

umhverfinu. Allt kapp er svo lagt á við að reyna hylma yfir slíkt óréttlæti frekar en að standa við samþykktir.

Þetta er kannski rót vandans eða sú staðreynd að allt of fáir sjá um hinar endanlegu ákvarðanir sem teknar eru varðandi umhverfismál og að þær eru oftast en ekki teknar af auð- og stjórnáamönnum sem bera lítið annað en eigin hag fyrir brjósti. En hvað sem því líður verða framtíðarhorfur umhverfismannfræðinnar og þess sem hún hefur fram að færa að teljast nokkuð bjartar. Óhætt er að segja að mark sé nú tekið á umhverfismannfræðingum, hvort sem stjórnvöld og stefnumótendur gera það af illri nauðsyn eða vegna þess að mannfraeðingar hafa sannað gildi sitt og þess sem fræðin hafa fram að færa. En baráttan heldur áfram og mikil og flókin verkefni eru framundan því eins og bent hefur verið á áður er enn ekki vitað með vissu hvernig loftslagsáhrifin munu skella á okkur þó svo að vísbendingarnar séu til staðar og áhrifanna gæti að einhverju marki nú þegar. Þrátt fyrir göfugt starf umhverfismannfræðinga og annarra sem koma að umhverfismálum er baráttan framundan hörð því ekki aðeins þarf að berjast við áhrif loftslagsbreytinganna heldur einnig við stjórnvöld og stefnumótendur.

9 Ný sýn: framtíð jarðar...?

Moran talar um hvernig hlýnun jarðar hefur stefnt mörgum búsvæðum mannkyns í hættu og framtíðin beri það í skauti sér að sum landsvæði verði hreinlega óhæf sökum slæmra búsetu skilyrða: sum svæði verða sem sagt enn heitari á meðan önnur kólna. Hann bendir svo á að framtíðarhorfurnar séu á þessa leið og þó svo að á málunum verði tekið af fullri hörku þá verði það mikið og erfitt verkefni að koma náttúrunni í fyrra horf (Moran, 2010: 155).

Skaðinn er skeður og nú þegar þurfa mörg samfélög að huga að því að færa sig um set sökum breyttra aðstæðna á því umhverfi sem þau hafa viðhafst í og nýtt sér. Þau Sarah Rogers og Mark Wang fara yfir stöðu þeirra sem flytja slíkum búferlum sökum breyttra aðstæðna á umhverfi þeirra eða vegna fátæktar í grein sinni *Environmental Resettlement and Social Dis/Re-Articulation in Inner Mongolia, China* (Rogers & Wang, 2007: 41). Í greininni er nánar tiltekið skoðað hvernig þorpsbúar Wang-Sheng þorpsins í innri Mongólíu takast á við slíka flutninga og aðlögun að nýju umhverfi. Rogers og Wang (2007) benda á að um 10 milljónir manna séu „færð til“ á ári hverju (oftast gegn þeirra vilja) og að meirihluti slíkra flutninga eigi sér stað í Kína (Rogers & Wang, 2007: 42). Ástæða slíkra flutninga getur oft verið sú að fólk og búsvæði þess samræmist ekki skipulagi stjórnvalda um endurskipulagningu svæða þar sem til dæmis eru byggðar stíflur, hraðbrautir lagðar eða byggð eru ný hverfi sem oftast eru viðskipta miðuð. Aftur á móti benda þau á að forsendurnar séu að breytast og að nú sé fólk í auknu mæli flutt sökum verndunar þess umhverfis sem það býr í. Nefna þau tvennt sem helstu ástæður þessa: annars vegar er fólki gert að flytja sökum verndunar þeirra svæða sem þau búa á, einkum með tilliti til náttúruminja sem stendur til að vernda og viðhalda, og hins vegar eiga slíkir flutningar sér stað vegna verkefna tengdum viðhaldi og því að endurheimta vistkerfi á ákveðnum svæðum. Fram á mitt ár 2005 var skráður fjöldi fólks um 700.000 í vestur Kína sem var fluttur til af þessum sökum (Rogers & Wang, 2007: 42).

Þetta eru gríðarlega mikill fjöldi (allavega á íslenskan mælikvarða) en þessar upplýsingar gera okkur aftur á móti kleift að skyggjast inn í landslag framtíðarinnar. Það er nokkuð ljóst að gríðarlegur fjöldi fólks mun þurfa að flytja búferlum vegna breyttra umhverfisaðstæðna á komandi árum og áratugum þrátt fyrir miklar aðgerðir til að bæta umhverfi samfélaga víðsvegar um heim. Í því tilfalli er vitnað er til hér að ofan eru fólksflutningar leið stjórnvalda og stofnana til að sporna við frekari eyðileggingu á svæðum sem voru og eru viðkvæm. Þó

vakna spurningar tengdar rétti þessa fólks sem óaðspurt er flutt til í samfélögum eins og Kína þar sem mannréttindi hafa ekki verið forgangsmál þarlendrar stjórnvalda hingað til. Einnig hafa Kínverjar legið undir töluverðu ámæli síðastliðin ár fyrir að skeyta litlu um umhverfisvernd, einkum í ljósi þess að land þeirra er ein helsta náttúruperla veraldar, eða eins og kemur fram í grein Rogers og Wang þá er um 14.8% af landsvæði Kína náttúruverndarsvæði (Wang & Rogers, 2007: 42).

Eins og áður hefur verið lögð áhersla á má fólkið ekki gleymast, eins og umhverfismannfræðingar eru sífellt að benda á - um leið og barist er fyrir réttindum þess. Þetta dæmi um fólksflutningana í Kína er gott dæmi um hvernig minni samfélög geta verið bjargarlaus þegar kemur að miðstýrðum ákvörðunum stjórnvalda, jafnvel þó ásetningur þeirra sé sá að vernda umhverfið. Ávallt skyldi reyna að fara bil beggja.

Þau Gabríel Judkins ofl. tala um að þeir sem komi að rannsóknum er varða samband manna og umhverfis verði að átta sig á því að þrátt fyrir áratuga langar rannsóknir muni árekstrar á milli þeirra aukast í framtíðinni þar sem að sífellt fleiri fræðimenn séu að koma að málefninu og hver og einn hafi mismunandi bakgrunn og viðhorf til vandans. Þetta sé óumflýjanlegt þar sem „breytingar“ þær sem mannkynið sé valdur að fari stigvaxandi og því sé þörf á fleiri og fleiri fræðimönnum til að fá sem víðasta sýn á vandann. Þau vilja því meina að það sé á ábyrgð hins þverfaglega sviðs sem fæst við rannsóknir tengdar mönnum og umhverfi að samhæfa rannsóknir sínar utan akademíunnar og veita stefnumótendum áreiðanlegar kenningalegar ráðleggingar auk þess að hafa fram að færa sannfærandi rök handa almenningi því fólk vilji almennt hafa meira með mótun heims síns að gera (Judkins ofl., 2008: 28). Þarna er stuðst við meiningar landfræðinga sem rannsaka áhrif manna á umhverfi sitt. Það er mikið til í þessum orðum og er full ástæða til að ætla að þetta séu þær starfsaðferðir sem fólk innan umhverfisverndunar geirans þurfi að tileinka sér. Komið hefur verið að þessu áður, eða því að mannfræðingar sem aðrir verði að taka tillit til rannsókna og aðferða annarra fræðinga varðandi þennan sameiginlega vanda mannkyns til að árangur náist sem fyrst.

10 Lokaorð

Megin tilgangur þessa verkefnis var að veita nokkuð haldbæra yfirsýn yfir stöðu umhverfismála í dag og um leið hafa umhverfismannfræðina í forgrunni. Nokkuð var þó leitað fanga utan hennar til að fá sem mesta yfirsýn yfir efnið þar sem fjöldinn allur af fræðingum kemur að úrlausn þessa sammannlega vanda.

Eins og komið var inn á fyrr í ritgerðinni hefur ekki mikið verið ritað um umhverfismál innan mannfræðinnar sem kom gríðarlega á óvart því ætla mætti að þetta væri eitt af þeim málum sem væri í brennidepli innan fræðanna þar sem margar helstu kenningar mannfræðinnar ganga út á samspil manna og umhverfis. En sem betur fer er þetta þó óðum að breytast.

Svo virðist vera sem sterk tilhneiging mannskepnunnar til að aðskilja sig frá umhverfinu sé að stórum hluta ástæða þess að hún hefur litla virðingu borið fyrir því í all langan tíma. Þetta á þó einkum við hin iðnvæddu samfélög og samfélagsgerðir þeirra sem rekja má aftur til iðnbyltingarinnar. Mannskepnan hefur alltaf skilið eftir sig fótspor og bæði nýtt og breytt umhverfinu eftir sínum þörfum en það er ekki fyrr en nýlega sem hún fór að skaða það í stórum stíl. Ástæður þess eru fjölmargar og hefur verið bent á einhverjar þeirra í þessari yfirferð en mikilvægast er að horfa fram á veginn og bæta það sem hægt er að bæta og um leið læra af þeim mistökum sem nú þegar hafa verið gerð svo hægt sé að forðast að endurtaka þau.

Eins og áður kom fram má segja að umhverfismannfræðin sé í tilvistarkreppu sem reyndar er eitthvað sem einkennt hefur mannfræðina frá upphafi. Þessi sífelldi ótti mannfræðinga við að koma sínu á framfæri á þeim forsendum að þeir og fræðin verði dæmd fyrir er eitthvað sem ætti ekki að hamla þeim. Mannfræðin, í þessu tilfelli umhverfismannfræðin, ætti aldrei að þurfa að berjast fyrir trúverðugleika sínum vegna þess að hún hefur svo margt gagnlegt fram að færa sem varpar ljósi á samspil manna og umhverfis, eitthvað sem tölfræðilegar skýrslur ná aldrei að gera. Er þá átt við þær forsendur sem liggja til grundvallar umhverfishegðun fólks. Að mínu mati er umhverfismannfræðin eins og sniðin fyrir baráttu umhverfismála þar sem hún berst bæði fyrir áheyrn og tilverurétti minni samfélaga sem og að veita þá innsýn í hinn mannlega þátt sem alltof oft gleymist eða er gerður að engu. Mannfræðingar eiga einnig fullan rétt á því að hafa afskipti af pólitískum málum og málefnum þó svo að vissrar varkárni verði einnig að gæta, en eins og komið hefur verið inn á

eru umhverfismál mjög lituð af pólitík þannig að það er óumflýjanlegt að umhverfismannfræðingar þurfi á einhverjum tímapunkti að hafa afskipti af henni.

Umhverfismannfræðin er tiltölulega ný fræðigrein en byggir á gömlum grunni hinnar menningarlegu vistfræði og aðferðarfræði hennar. Burt séð frá því hvaða undirgrein mannfræðinnar um ræðir hafa mannfræðingar ávalt haft manneskjuna í forgrunni og með það að leiðarljósi hafa þeir barist fyrir áheyrn og tilvist minni samfélaga heimsins. Þetta hefur kannski gert hana að „annarsflokks“ fræðum í augum annarra vísindamanna en þó bendir allt til þess að það sé að breytast. Að auki hefur mannfræðin skoðað samband samélaga manna við umhverfi sitt frá upphafi og ætti hún því að vera allra fræða færust í að veita innsýn í þetta sammanlega vandamál auk þess að hafa gríðarlegt forskot á aðrar vísindagreinar er koma að vandanum.

Hvort við sem tegund náum að snúa við blaðinu og förum að vinna með umhverfinu en ekki á móti því eins og raunin hefur verið síðastliðna áratugi, mun skera úr um framtíðarhorfur okkar og því miður, annarra tegunda hér á jörð.

„Metum við líf okkar að meiri verðleikum en hluti? Okkar eigin hagsmunir ættu að hjálpa okkur að gera upp hugann“ (Moran, 2010: 25).

Þessi tilvitnun í Moran þykir mér vera með þeim áhrifaríkustu orðum sem sett hafa verið saman varðandi umhverfismál líðandi stundar því þau snerta samvisku alls hins vestræna neysluheims. Tilvitnunin leiðir einnig hugann að því hvernig lífsgæða mat margra menningarheima hefur afmyndast þar sem mannsins megin er nú metið eftir umfangi og magni þeirra efnislegu hluta sem hver og einn á. Má leita skýringa í peningæði nútímans eða hefur okkur sem tegund einfaldlega tekist að aðskilja mannsandann svo frá náttúrunni að við eygjum ekki lengur hvað okkur er í raun og veru lífsnauðsynlegt? Það mætti ætla og er útkoman eftir því. Það er þó alveg ljóst að það sem mun bæta umgengi okkar við umhverfið er fyrst og fremst í formi fræðslu, að hvert og eitt mansbarn geri sér grein hlutverki sínu sem lífveru í umhverfinu, ekki fyrir utan það. Ef gengið er út frá því að mannskepnan tróni á toppi þróunarstigans ætti hún að fara að sýna yfirburði sína í verki og viðleitni gagnvart hinum altumlykjandi lífheimi sem hún er órjúfanlegur hluti af.

Ekki er síður nauðsynlegt að hefjast handa sem fyrst með vonina og bjartsýnina að vopni, allavega þá von að við eigum enn til snefil að skynsemi sem mun hjálpa okkur að forgangsraða.

Heimildir

- Amenta, M. F., Lomelí, D. G. & Verdugo, V. C. (2003). On the Relationship Between Antisocial and Anti-Environmental Behaviors: an Empirical Study. *Population and Environment*, 24(3). Sótt 4. febrúar 2012 af <http://www.jstor.org/stable/27503838?&Search=yes&searchText=anthropology&searchText=Environmental&list=hide&searchUri=%2Faction%2FdoBasicResults%3Fhp%3D25%26la%3D%26wc%3Don%26acc%3Don%26gw%3Djtx%26jpsi%3D1%26arts%3D1%26Query%3DEnvironmental%2Banthropology%26sbq%3DEnvironmental%2Banthropology%26si%3D51%26jtxsi%3D51&prevSearch=&item=72&tll=41084&returnArticleService=showFullText>
- Áslaug Geirsdóttir, Bryndís Brandsdóttir og Snævarr Guðmundsson (Ritstjórar). (2012). *Rannsóknir*. Sótt 21. janúar 2012 af http://www2.jorfi.is/?page_id=16
- Barringer, F. (2011, 24. september). Scientists Want Publisher to Refreeze Greenland. *The New York Times*. Sótt 20. janúar 2012 af http://www.nytimes.com/2011/09/25/science/earth/25atlas.html?_r=2
- Bastianoni, S., Niccolucci, V. & Patterson, T. M. (2006). Beyond „More is Better“: Ecological Footprint Accounting for Tourism and Consumption in Val Di Merse, Italy[rafræn útgáfa]. *Ecological Economics*, 62, 747 – 756.
- Batterbury, S. (2009). Anthropology and Global Warming: the Need for Environmental Engagement. *The Australian Journal of Anthropology*, 19(1). Sótt 27. Febrúar 2012 af <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/j.1835-9310.2008.tb00108.x/pdf>
- Bindschadler, R. (2006). The Environment and Evolution of the West Antarctic Ice Sheet: Setting the Stage. *Philosophical Transactions of the Royal Society*, 25. May 2006. Sótt 29. janúar 2012 af <http://www.jstor.org/stable/25190289?seq=1&Search=yes&searchText=melting&searchText=ice&list=hide&searchUri=%2Faction%2FdoBasicSearch%3FQuery%3Dmelting%2Bice%26gw%3Djtx%26acc%3Don%26prq%3Dstate%2Bof%2Bthe%2Bearth%26hp%3D25%26wc%3Don&prevSearch=&item=11&tll=14961&returnArticleService=showFullText&resultsServiceName=null>
- Birgir H. (2012, 7. apríl). Náttúran á undir högg að sækja vegna ágangs manna. *Fréttablaðið*, bls. 4.
- Bodley, J. H. (2008). *Anthropology and Contemporary Human Problems*. Plymouth: Altamira Press.

- Campell, L. M. & Devine, M. W. (2011). Sorting out roles and defining divides: Social sciences at the World Conservation Congress [rafræn útgáfa]. *Conservation and Society*, 8(4), 339-348.
- Checker, M. (2009). *Anthropology in the Public Sphere, 2008: Emerging Trends and Significant Impacts*. *American Anthropologist*, 111(2). Sótt 11. febrúar 2012 af <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/j.1548-1433.2009.01109.x/pdf>
- Crate, S.A. & Nuttall, M. (ritstjórar). (2009). *Anthropology and Climate Change: From Encounters to Actions*. California: Left Coast Press, Inc.
- Curran, S. R. & Sherbinin, A. D. (2004). Completing the Picture: the Challenges of Bringing „Consumption“ Into the Population-Environment Equation. *Population and Environment*, 26(2). Sótt 11. febrúar 2012 af <http://www.jstor.org/stable/27503912?&Search=yes&searchText=environment&searchText=anthropology&list=hide&searchUri=%2Faction%2FdoBasicSearch%3FQuery%3Danthropology%2Benvironment%26acc%3Don%26wc%3Don&prevSearch=&item=1&tll=70266&returnArticleService=showFullText&>
- Doerr, E. Y. (2012). Meeting the Demand for Meat [rafræn útgáfa]. *Anthropology Today*, 28(1), 11 – 15.
- Huff, P. ofl. (ritstjóri). (2007). A Message From the Editors. *Ecological and Environmental Anthropology*, 3(1). Sótt 17. febrúar 2012 af <http://eea.anthro.uga.edu/index.php/eea/article/view/24/26>
- Höskuldur Búi Jónsson & Sveinn Atli Gunnarsson (ritstjórar). (2012). Grænlandsjökull dökkar og bráðnar hraðar. Sótt 2. mars 2012 af <http://www.loftslag.is/?p=13220>
- Jerstad, H. (2011). Some Issues With an Anthropology of Climate Change [rafræn útgáfa]. *Imponderabilia: the International Student Anthropology Journal*, 10(2).
- Judkins, G., Keys, E. & Smith, M. (2008). Determinism Within Human-Environment Research and the Rediscovery of Environmental Causation [rafræn útgáfa]. *The Geographical Journal*, 174(1), 17 – 29.
- Kopnia, H. & Shoreman-Oimet, E. (Ritstjórar). (2011). *Environmental Anthropology Today*. New York: Routledge.
- Kunstadter, P. ofl. (Ritstjórar). (2012). About Environmental Anthropology. *The Society for Applied Anthropology*. Sótt 12. janúar 2012 af <http://www.sfaa.net/eap/ea.html>
- Malinowski, B. (1922). *Argonauts of the Western Pacific*. London: Routledge.

Mbl.is. (2012, 9. febrúar). Jökullinn rýrnaði um þriðjung á tíu árum. Morgunblaðið. Sótt 9. febrúar 2012 af http://mbl.is/frettir/innlent/2012/02/09/jokullinn_ryrnadi_um_thridjung/

Moran, E. F. 2006: People and Nature: An Introduction to Human Ecological Relations. Malden: Blackwell Publishing.

Nora Haenn and Richard R. Wilk (ritstjórar). (2005): The Environment in Anthropology: A Reader in Ecology, Culture, and Sustainable Living. New York, London: New York University Press.

Palmer, C. T. & Wadley R. L. (2007). Local Environmental Knowledge, Talk, and Scepticism: Using "LES" to Distinguish "LEK" from "LET" in Newfoundland. Human Ecology, 35(6). Sótt 29. febrúar 2012 af <http://www.jstor.org/stable/27654244?seq=1&Search=yes&searchText=anthropology&searchText=environmental&list=hide&searchUri=%2Faction%2FdoBasicResults%3Fhp%3D25%26la%3D%26wc%3Don%26acc%3Don%26gw%3Djtx%26jcpsi%3D1%26artsi%3D1%26Query%3Denvironmental%2Banthropology%26sbq%3Denvironmental%2Banthropology%26prq%3Danthropology%2Btoday%26si%3D26%26jtxsi%3D26&prevSearch=&item=27&t=41083&returnArticleService=showFullText&resultsServiceName=null>

Peace, A. (2008). Meat in the Genes [rafræn útgáfa]. Anthropology Today, 24(3), 5 -10.

Rogers, S. & Wang, M. (2007). Environmental Resettlement and Social Dis/Re-Articulation in Inner Mongolia, China. Population and Environment, 28(1). Sótt 18. janúar 2012 af <http://www.jstor.org/stable/27503978?&Search=yes&searchText=anthropology&searchText=Environmental&list=hide&searchUri=%2Faction%2FdoBasicResults%3Fhp%3D25%26la%3D%26wc%3Don%26acc%3Don%26gw%3Djtx%26jcpsi%3D1%26artsi%3D1%26Query%3DEnvironmental%2Banthropology%26&>

Seidler, C. (fréttamaður, ritstjóra vantar). (2009). Climate Change and Sea Level Rise: „the Greenland Ice Sheet is an Awakening Giant“. Sótt 21. janúar 2012 af <http://www.spiegel.de/international/world/0,1518,634629,00.html>

Townsend, Patricia K (2000). Environmental Anthropology: From Pigs to Policies. New York: Waveland Press Inc.

Umhverfisráðuneytið (2012, mars). Leggja til friðun á fimm tegundum svartfugla næstu fimm árin. Sótt 26. mars 2012 af <http://www.umhverfisraduneyti.is/frettir/nr/1986>

Wilk, R. (2010). Consumption Embedded in Culture and Language: Implications for Finding Sustainability. Sustainability: Science, Practice and Policy, 6(2). Sótt 17. febrúar 2012 af http://sspp.proquest.com/static_content/vol6iss2/0912-040.wilk.pdf